

**SKOÐUN** Alþingi þarf að sameinast um smíði nýs spítala, skrifar Tryggvi Gíslason. 16



**MENNING** Ragnhildur Steinunn vann til verðlauna á þýskri hátíð. 30



**SPORT** Rúrik Gíslason fékk einn leik á varamannabekknum eftir ósætti í Meistaradeildarleik. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
5. nóvember 2013
260. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Borgi hærri vexti**
Eðlilegt að skoða hvort námsmenn sem skila sér ekki heim að námi loknu erlendis borgi markaðsvexti af námslánum segir formaður fjárlaganefndar. 10

**Vill milljarð frá Símanum** Vodafone krefst 913 milljóna króna auk vaxta af Símanum vegna samkeppnisbrota á liðnum árum. 6

**Þjóðarsátt forsenda** Forstjóri Landsvirkjunar segir lagningu sæstrengs til Evrópu þurfa að njóta afgerandi fylgis með þjóðinni ef af framkvæmdinni eigi að verða. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | NA | 10 |
| Akureyri | 2° | A | 5 |
| Egilsstaðir | 3° | A | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | NA | 9 |
| Reykjavík | 4° | A | 15 |

**Víða hvasst** Í dag verður hvassast sunnan- og vestanlands, 10-20 m/s en hægari vindur annars staðar. Rigning eða slydda sunnan- og austantil. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk




# Ráðherra vill bjóða styttra nám fyrir leikskólakennara

Aðeins ellefu útskrifast sem leikskólakennarar í vor. Aðsókn að náminu hrundi eftir að það var lengt í fimm ár. Menntamálaráðherra og prófessor í kennaradeild HÍ telja að bjóða þurfi samhliða upp á þriggja ára nám.

**SKÓLAR** „Það er augljóst að við þurfum að endurskoða kerfið,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um skort á faglærðum leikskólakennurum.

Í erindi Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við kennaradeild Háskóla Íslands, á skólaþingi sveitarfélaga í gær kom fram að 1.300 faglærða leikskólakennara vanti í leikskóla landsins. Eingöngu ellefu brautskráist næsta vor. Aðeins 90 hafa innritast í námið á síðustu þremur árum miðað við 205 þrjú ár þar á undan. Námið var lengt úr þremur árum í fimm árið 2008. Launin hafa þó lítið hækkað.

„Það sem fer hvað mest í taugarnar á mér í þessu máli öllu er hversu margir yppa öxlum yfir þessari stöðu. Mér er gjörsamlega ómögulegt að skilja þetta andvaraleysi,“ sagði Ingvar á þinginu.

Í samtali við Fréttablaðið bendir Ingvar þó á að aðsóknin sé byrjuð að glæðast á ný. „En hvers vegna ættir þú að eyða fimm árum ef það gefur ekki meira til þess að hafa að bíta og brenna?“ spyr hann.

Illugi Gunnarsson segir að fjölga þurfi námsleiðum fyrir leikskólakennara og veita ákveðin starfsréttindi að loknu þriggja ára námi og jafnvel fyrr. Ingvar tekur undir að lausn geti falist í þriggja ára námi sem gefi réttindi sem aðstoðarleikskólakennari.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, telur svarið ekki að minnka námskröfur. „Við teljum þetta vera tímabundið ástand. Aðsókn í námið hefur aukist um fimmtíu prósent undanfarin tvö ár. En til að sporna við þessari þróun er nauðsynlegt að hækka launin.“

- kak, gar

**DÝFA Í INNRITUN**




Aðsóknin að leikskólakennaranámi hrundi eftir að það var lengt.

HEIMILD/INGVAR SIGURGEIRSSON



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**AL THANI-MÁLIÐ HAFIÐ** Aðalmeðferð í Al-Thani málinu hófst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fyrir dóm mættu ásamt lögmönnum sínum Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, og Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans. Þeir eru meðal annars ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun. Áætlað er að réttarhöldin standi í tvær vikur. Sjá síðu 4

Morð í norskri rútu:

## Varð þremur að bana með hníf

**NOREGUR** Maður á fertugsaldri réðst á fólk í rútu í Noregi síðdegis í gær. Að minnsta kosti þrennt lét lífið, nítján ára kona frá Svíþjóð og tveir norskir menn, báðir á sextugsaldri. Annar þeirra var bifreiðatstjórinn en hinn farþegi.

Árásarmaðurinn var 31 árs, ættaður frá Suður-Súdan en búsettur í Noregi. Á blaðamannafundi í gærkvöld sagðist lögreglan telja hann vera hælisleitanda, en vildi þó ekki staðfesta það. Ekkert var vitað um tilefni árásarinnar.

Hann var handtekinn og síðan fluttur á sjúkrahús, sjálfur lítillega sár eftir hníf.

Árásin var gerð í héraðinu Sogni og Fjörðunum, nánar tiltekið á þjóðvegi 53 milli Árdals og Tyin, en rútan var á leiðinni frá Árdal til Ósláar.

Lögregla var um klukkutíma að komast á staðinn, því næsta lögreglubifreið var í rúmlega 90 kílómetra fjarlægð.

- gb






Bergrún Anna kunni bara að segja nafnið sitt á íslensku fyrir sex árum:

## Lærði íslensku og gefur út ljóð



**MENNING** „Ég kunni að segja nafnið mitt þegar ég kom hingað,“ segir Bergrún Anna Hallsteinsdóttir.

Þótt Bergrún Anna heiti alíslensku nafni er móðurmál hennar enska. Hún ólst upp á Nýja-Sjálandi, kom fyrst til Íslands 21 árs og hefur búið hér í sex ár.

Bergrún Anna gaf út ljóðabókina Stofumyrkur í síðustu viku og finnst afar gefandi að yrkja á íslensku.

„Það var eins og að ýta á „refresh“. Ég fékk nýtt sjónarhorn á hvað ég gat gert. Ég var alla vega mjög opin á meðan ég var að skrifa,“ segir Bergrún Anna og bætir við að hún hafi kviðið fyrir að birta ljóðin.

„Ég held að það sé algengt að maður sé kvíðinn þegar maður birtir ljóð, en ég var líka kvíðin af því að þetta er ekki mitt fyrsta tungumál. Ég var ekki viss hversu opið fólk væri fyrir því en það er ákveðið frelsi að skrifa á tungumáli sem er ekki móðurmálið manns.“

- ue / sjá síðu 30







## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, er þér þá ekkert gefið um pólfarir?

**„Ég er meira fyrir bólferðir.“**

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar Framtíðar, sló út af borðinu hugmyndir um sameiginlegt framboð með vinstri flokkum í Reykjavík. Slíkt væri dæmi um tvípólapólitík.

Járn beygt og bogið í Fernöndu sem verið hefur í togi við Reykjanesskaga:

# Verulega löskuð eftir brunann

**BJÖRGUN** Allt kapp er lagt á að afstýra umhverfisslysi við Reykjanesskaga þar sem varðskipið Þór er nú með flutningaskipið Fernöndu í togi. Litlar líkur eru á að Fernanda sökkvi í sæ að mati Landhelgisgæslunnar. Varðskipið Þór hefur haft flutningaskipið Fernöndu í togi við Reykjanesskaga frá því að skipið var flutt alelda úr Hafnarfjarðarhöfn á föstudaginn. Slökkviliðsmenn fóru um borð í skipið gær og sáu þar að járn var sveigt og bogið, slíkur var hitinn í Fernöndu. Kvoðu var sprautað í vélarúm og neðri þilför skipsins til að tryggja að eldurinn væri dauður.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerða hjá Landhelgisgæslunni, segir mikilvægt að tryggja að engin glóð leynist í skipinu.

En er engin hætta á að skipið beinlínis sökkvi við Reykjanesskaga?

„Skipherra og hans menn eru sannfærðir um að litlar líkur séu á því. Skipið flýtur vel og lætur vel í sjónum,“ segir Ásgrímur - ao



**FERNANDA ILLA FARIN** Eins og sjá má sér verulega á Fernöndu eftir atburði undanfarinna daga. MYND/STÖÐ2

Sýrlendingar bregðast við:

# Ætla að bólusetja öll börn

**SÝRLAND, AP** Sýrlensk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau muni sjá til þess, með samvinnu við hjálparstofnanir, að öll börn í landinu verði bólusett gegn mænuveiki. Í síðustu viku kom í ljós að tíu börn höfðu smitast af mænusótt í norðausturhluta landsins, þar sem átök hafa verið hörð og íbúar hafa víða einangrast.

Hálf milljón barna í landinu hefur ekki verið bólusett vegna átakanna. - gb



**PRÍLITUR POTUREYKUR** Ítalski flugherinn lék listir sínar á hátíðardeginum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalskar herþotur teiknuðu fánalitina á hátíðardegi í gær:

# Minntust loka heimsstyrjaldar

**ÍTALÍA Listflugdeild ítalska flughersins gladdi almenning í Róm með því að bregða upp fánalitunum á flugi sínu yfir höfuðborgina.**

**„Dagur þjóðeiningar og heraflans“ er haldinn hátíðlegur 4. nóvember ár hvert þar sem haldið er upp á uppgjöf Austurríkis árið 1918, en með því lauk hernaðarþátttöku Ítala í fyrri heimsstyrjöldinni. Ítalía var að nafninu til í bandalagi með Þýskalandi og Austurríki-Ungverjalandi í upphafi stríðsins, en árið 1915 lagði landið til atlögu við Austurríki eftir leynisamninga við Breta og Frakka.** - þj

Harðorð bandarísk skýrsla:

# Læknar tóku þátt í að pynta

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska heilbrigðisvísindastofnunin IMAP gagnrýnir harðlega bandaríska lækna, sem tóku þátt í að þróa pyntingaraðferðir fyrir varnarmálaráðuneytið og leyniþjónustuna CIA.

Læknarnir eru einnig gagnrýndir fyrir að hafa tekið þátt í að neyða fæðu ofan í fanga í hungurverkfalli.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá stofnuninni, en þar er í fyrsta sinn farið ofan í aðild lækna að pyntingum á grunuðum hryðjuverkamönnum. - gb

Verðbólga veldur áhyggjum:

# Tveir þriðju eru áhyggjufullir

**KÖNNUN** Rúmlega tveir af hverjum þremur landsmönnum, 67,4 prósent, hafa miklar áhyggjur af verðbólgunni, samkvæmt könnun Capacent fyrir Samtök atvinnulífsins (SA).

Í frétt SA segir að aðeins 10,5 prósent hafi litlar áhyggjur af verðbólgunni en 22 prósent segja að verðbólgan valdi þeim hvorki miklum né litlum áhyggjum.

Þá vilji 44,9 prósent að mest áhersla verði lögð á að stuðla að lágri verðbólgu í komandi kjarasamningum, en 29 prósent vilja mesta áherslu á verulegar launahækkanir. - bj




Locobase® REPAIR

Fyrir þurra og skaddaða húð

- Afar hentugt fyrir þurra og skaddaða húð t.d. hjá fólki með exem
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni
- Mikið notað sem viðbót við húðmeðferð til að byggja upp varnir húðarinnar
- Rannsóknir hafa sýnt fram á lágmarksertingu
- Dönsku og sænsku Astma- og ofnæmissamtökin mæla með Locobase Repair®

Locobase® REPAIR fæst í næsta apóteki


# Áhyggjufullur þegar hann sá forsíðufrétt

Ögmundur Jónasson kom æstur til Steingríms J. Sigfússonar sama dag og Fréttablaðið birti frétt um möguleg slit stjórnarsamstarfs. Í bók sinni kveðst Steingrímur hafa beðið forsætisráðherra um að fallast ekki á afsagnarbeiðni Ögmundar.

**STJÓRNMÁL** „Þegar ég sá blaðið þennan morgun hafði ég strax áhyggjur og reyndi að hringja í Ögmund.“ Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, í bók sinni „Steingrímur J – Frá hruni og heim“ um viðbrögð sín við forsíðu Fréttablaðsins þann 30. september 2009. Ögmundur Jónasson, sem þá var heilbrigðisráðherra, sagði af sér ráðherraembætti þann sama dag.

Í forsíðufréttinni kom fram það mat Jóhönnu Sigurðardóttur að stjórnarsamstarfinu væri sjálfhætt næðist ekki samstaða um Icesave á næstu dögum. „Yfirlýsingar forsætisráðherra fara ekki fram hjá mér,“ var haft eftir Ögmundi Jónassyni heilbrigðisráðherra í sömu frétt.

Um leið og Steingrímur sá fréttina á forsíðu Fréttablaðsins reyndi hann að hringja í Ögmund. Aldrei þessu vant hafi hann ekki tekið síma en upp úr tíu hafi hann fengið skilaboð um að Ögmundur væri á leiðinni niður í ráðuneyti til að hitta hann. Steingrímur segir að Ögmundi hafi ekki verið haggað.

„Ég skil ekki enn hvers vegna hann sagði af sér,“ segir Steingrímur í bókinni sem Björn Þór Sigbjörnsson skrásetti. Greint er frá því að Steingrímur hafi hringt í Jóhönnu og sagt henni hvað hún ætti í vændum. Að sögn Steingríms kom á Jóhönnu. Hann bað hana um að fallast ekki á afsagnarbeiðnina sem hún hefði því miður gert. Hún hefði sagt Steingrími eftir á að hún hefði ekki náð neinni rökræðu við Ögmund. Hann hefði auk þess verið búinn að boða blaðamenn til fundar við sig og þeir beðið eftir honum úti á tröppum. Þar hefði hann tilkynnt um afsögn sína.

Spurður um tilefni bókarskrifanna segir Steingrímur að hann hafi fengið fjölda fyrirspurna og áskorana um að segja frá baráttunni við að reyna að koma í veg fyrir að Ísland færi á hausinn. Hann hafi meðal annars verið beðinn um að halda fyrirlestra, einkum erlendis, um glímuna við endurreisn Íslands. „Ég ákvað að slá til þar sem maður var þar sem eldarnir brunnu sem heitast á þessum árum. Sumt lifir með okkur næstu árin og það ýtti frekar á að gera þetta fyrr en seinna.“

Steingrímur kveðst hafa viljað draga upp stóru myndina, eins og hann orðar það. „Ég skoraðist hvergi undan því að ræða erfið mál þegar skrásetjari vildi að við tækjum þau fyrir.“

Hann segist í þeim tilfellum hvorki hafa hlíft sjálfum sér né öðrum.

ibs@frettabladid.is



30. september 2009 — 231. tölublað — 9. árgangur

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FRÍTT

MIÐVIKUDAGUR

BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR

*Fór í fjallgöngu og flúðasiglingu í Nepal*

• á ferðinni

ALLT í miðju blaðsins

HANDAVINNA

*Hannyrðir, hönnun og námskeið í leirkeragerð*

Sérblað um handavinnu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Geðsjúkir styrktir

Forvarna- og fræðslusjóðurinn Þú getur! veitir fyrstu styrkina.

TÍMAMÓT 14

Ritskoðuð útgáfa á RÚV

Sjónvarpið sýnir ritskoðaða útgáfu af dönsku þáttunum Forbrydelsen eftir áramót.

FÓLK 18

Stefnir í sögulega kvikmyndasýningu

Helgi Felixson býður útrásarvíkingum og alþingismönnum í bíó.

## Stjórnin fellur ef ekki næst samstaða um Icesave-málið

**Jóhanna Sigurðardóttir telur ríkisstjórnina fallna hafi stjórnarflokkarnir ekki meirihluta á Alþingi fyrir lyktum Icesave-málsins. „Yfirlýsingar forsætisráðherra fara ekki framhjá mér,“ segir Ögmundur Jónasson.**

**STJÓRNMÁL** Náist ekki samstaða um lyktir Icesave-málsins innan ríkisstjórnarflokkanna í vikunni er ríkisstjórnarsamstarfinu sjálfhætt. Þetta er mat Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hefur misst alla þolinmæði vegna málsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Jóhanna og aðrir stjórnarliðar telja sig ekki lengur geta treyst á stuðning neinna þingmanna stjórnarandstöðunnar í málinu og því þurfi stjórnarflokkarnir að hafa þingmeirihluta.

Líf stjórnarinnar veltur því aftur á afstöðu Ögmundar Jónassonar og samherja hans innan Vinstri grænna, sem lýst hafa miklum efasemdum um málið, líkt og það gerði þegar málið kom til kasta Alþingis í sumar. Þingflokkar stjórnarflokkanna munu hittast á fundum í dag og freista þess að leysa málið í sátt. Þá gæti einnig komið til aukafundar í ríkisstjórn í dag.

Eins og kunnugt er hafa Hollendingar og Bretar ekki getað fellt sig að fullu við þá fyrirvara sem Alþingi samþykkti við ríkisábyrgð vegna Icesave-lánsins í sumar. Þeir vilja meðal annars að ábyrgðin gildi lengur en til 2024, ólíkt því sem kveðið er á um í fyrirvörum Alþingis.

Jóhanna sagði eftir ríkisstjórnarfund í gær að áður en ákveðið yrði hvort Icesave-samningarnir færu aftur fyrir Alþingi þyrfti að vera ljóst hvort ríkisstjórnin hefði meirihluta fyrir málinu í þinginu. Það yrði að fást á hreint í vikunni. Spurð hvort stjórnin mundi falla næðist ekki samstaða sagði hún að þá yrði að skoða stöðuna upp á nýtt. Ekki fór á milli mála að þar beindi hún spjótum sínum að Ögmundi og öðrum efasemdarmönnum um Icesave-málið innan VG.

„Yfirlýsingar forsætisráðherra fara ekki framhjá mér,“ sagði Ögmundur Jónasson í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hann vildi að öðru leyti lítið segja um málið, en tók þó fram að Icesave-málið væri enn óútkljáð og ljóst væri að það þyrfti að koma aftur fyrir þingið.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mun hitta breska og hollenska kollega sína á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Istanbúl eftir helgi. Þar mun hann reyna að ná endanlegri niðurstöðu í málið, líkast til í formi viðauka við samningana.

Óformlegar viðræður um lausn málsins hafa staðið yfir við Hollendinga og Breta síðustu daga og vikur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggur nú þegar nokkuð ljóst fyrir hversu langt þeir eru tilbúnir að teygja sig í átt að kröfum Alþingis. - sh, kh, kóp

Snæbjörn Steingrímsson:

Smáís mætir

**FORSÍÐUFRÉTTIN** Þessi forsíðufrétt þann 30. september 2009 olli Steingrími J. Sigfússyni áhyggjum.

## Úr bók Steingríms J. Sigfússonar

„Svo kom hann og var mjög æstur og tilkynnti mér að hann væri að fara til Jóhönnu að segja af sér. Ég sagði að hann gæti það ekki, menn segðu ekki af sér ráðherradómi upp úr þurru, hann hefði ekki rætt þetta í þingflokknum eða neitt en hann sagðist vera búinn að ákveða sig. Við töluðum saman í tuttugu mínútur og það lá við að ég færi á hnén en honum varð ekki haggað. Við kvöddumst svo í góðu, tókum utan um hvor annan og hann hafði einhver orð um að þetta myndi ekki þýða vinslit milli okkar en hann yrði að gera þetta.“



**„Ég skoraðist hvergi undan því að ræða erfið mál þegar skrásetjari vildi að við tækjum þau fyrir.**

*Steingrímur J. Sigfússon fyrrverandi fjármálaráðherra*

Indverjar kynna metnaðarfulla áætlun um geimferðir á næstu árum:

# Senda geimfar umhverfis mars

**INDLAND, AP** Indverska geimferðamiðstöðin í kynnti í gær áform um að senda geimfar til Mars.

Geimfarinu verður skotið upp í dag og tekur ferðin þrjú hundruð daga. Farið verður umhverfis reikistjörnuna og andrúmsloft hennar og jarðfræði könnuð.

Til þessa hafa Bandaríkjamenn, Rússar og Evrópusambandið sent geimfar til Mars, en engum þeirra tókst þó að ná árangri í fyrstu tilraun.

Meira en helmingurinn af tilraunum jarðarbúa til að senda far til Mars hefur mistekist, eða 23 af 40 tilraunum. Japanar gerðu misheppnaða tilraun árið 2009 og Kínverjar árið 2011.

Takist Indverjum ætlunarverk sitt bætist flaug þeirra, sem heitir Mangalyaan, við flaugar frá Bandaríkjunum, Rússlandi og Evrópusambandinu, sem nú þegar eru á braut umhverfis Mars. - gb



**TILBÚIÐ UNDIR GEIMSKOT** Geimfarið á skotpalli á eyjunni Shriharikota út af suðausturströnd Indlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

4G




1 GB
á mánuði
í 6 mán.
fylgir!

**Nokia Lumia 1020**

**129.990 kr.** stgr.

**7.890 kr.** /18 mán.

1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!




4G

**Nokia Lumia 625**

**46.990 kr.** stgr.

**4.190 kr.** /12 mán.

4G




1 GB
á mánuði
í 6 mán.
fylgir!

**Samsung Galaxy S4**

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

# 4G farsímar hjá Nova!

## Símar sem virða engin hraðatakmörk

**10x**
meiri hraði
en í 3G!




4G

1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

**Samsung Galaxy S4 Mini**

**79.990 kr.** stgr.

**4.890 kr.** /18 mán.

4G

1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!




**Samsung Galaxy Ace 3**

**49.990 kr.** stgr.

**4.490 kr.** /12 mán.




4G

1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

**LG G2**

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Brandenburg

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. 1 GB fylgir 0 kr. Nova í Nova og Súper Nova, áskrift og frelsi.

4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má nefna að hraði ADSL er um 6 Mb/s og 3G um 2–4 Mb/s.

## SVONA ERUM VIÐ



**7.736** **heimili fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum landsins á síðasta ári.**

**Heimilum sem þáðu slíkar greiðslur hefur fjölgað um 0,3 prósent frá árinu áður.**

Óttast að 40 störf geti tapast hér á landi vegna niðurskurðar til vísindastarfa:

# Vísindamenn fylltu þingpalla á Alþingi

**VÍSINDI** Hátt í hundrað vísindamenn fylgdust með umræðu um framtíð rannsóknarsjóða og nýsköpunar á Alþingi í gær. Hleypa þurfti fólki inn í hollum þar sem aðeins er pláss fyrir þrjátíu manns á þingpöllunum.

Í ályktun 147 vísindamanna til fjárlaganefndar Alþingis er lýst yfir áhyggjum vegna niðurskurðar í fjárframlögum til vísindastarfa á næsta ári. Rannsóknarsjóður Rannís fær ekki það viðbótarfjármagn sem gert var ráð fyrir í fjárfestingaáætlun síðustu ríkisstjórnar. Erna Magnúsdóttir, sérfræðingur við læknadeild Háskóla Íslands, segir að niðurskurðurinn bitni verst á ungum vísindamönnum.

„Það skiptir miklu máli fyrir vísindasamfélagið á Íslandi að það verði fallið frá þessum niðurskurði. Rannís greiðir laun ungra vísindamanna og hátt í fjörutíu störf gætu tapast vegna þessa,“ segir Erna. Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG, sagði í umræðu um málið á Alþingi að örvænting væri byrjuð að grípa um sig meðal vísindafólks.

„Það sér fram á minnkandi framlag í rannsóknarsjóðina næstu þrjú árin. Ungt fólk mun flýja land. Okkar öflugustu framhaldsnemar og okkar öflugustu nýdoktorar,“ sagði Svandís.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði nauðsynlegt að draga úr útgjöldum til að koma í veg fyrir áframhaldandi hallarekstur ríkissjóðs. Áætlað fjárframlag til Rannís á næsta ári væri hins vegar hátt borið saman við framlög síðustu ára. **- hks**



**FYLGDUST GRANNT MEÐ** Svandís Svavarsdóttir, þingkona VG, var upphafsmaður umræðunnar í gær.



**HLÍÐARFJALL** Stefnt er að opnun í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styttist í opnun Hlíðarfjalls:

## Snjóbyssurnar í gang í Eyjafirði

**ALMENNINGSÍÞRÓTTIR** Snjóframleiðsla hófst í Hlíðarfjalli á Akureyri á sunnudag. „Snjóbyssurnar tíu í Hlíðarfjalli eru í gangi nánast allan sólarhringinn. Einnig hefur talsvert snjóað þar efra en þó vantar enn herslumuninn svo hægt verði að opna skíðabrekkurnar,“ segir í frétt á vef Akureyrarbæjar.

Útlit er fyrir að frost haldist næstu daga í Eyjafirði. „Gefið hefur verið út að brekkurnar verði opnaðar laugardaginn 30. nóvember en Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalli, segir ekki ólíklegt að það geti orðið nokkru fyrr ef frostið helst næstu daga og vikur.“ **- gar**

## UMHVERFISMÁL

### Áætlun fyrir Hverfjall

Umhverfisstofnun hefur auglýst tillögu um verndar- og stjórnunaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit og óskar eftir athugasemdum. Í áætluninni er fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

## LEIÐRÉTT

Villa slæddist í súlurit sem fylgdi frétt um könnun á fylgi flokkanna í Fréttablaðinu í gær. Eins og fram kom í fréttinni mældist fylgi Bjartrar framtíðar 13,7 prósent, ekki 19,7 eins og fram kom í súluritinu.

# Sagðir hafa slegið ryki í augu fólks með sölunni til Al-Thani

Saksóknari í Al Thani-málinu segir að fréttatilkynning eftir kaup sjeiksins Mohammads Al Thani á 5 prósenta hlut í Kaupþingi sýni að slá átti ryki í augu markaðarins. Allt satt í tilkynningunni, segja sakborningarnir.

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, svaraði spurningum Björns Þorvaldssonar saksóknara í rúma tvo tíma þegar aðalmeðferð málsins hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hreiðar neitar sök í málinu og fullyrðir að ekkert óeðlilegt hafi verið við viðskipti bankans og sjeiksins Mohammads Al-Thani á haustmánuðum 2008. Hið sama sagði Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, sem og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi yfirmaður Kaupþings í Lúxemborg.

Sérstakur saksóknari hefur nánast frá hruni rannsakað kaup Al Thani á rétt ríflega fimm prósenta hlut í Kaupþingi í lok september 2008. Ákæra á hendur fjórum fyrrverandi stjórnendum bankans, Sigurði Einarssyni, Hreiðari Má Sigurðssyni, Magnús Guðmundssyni og Ólafi Ólafssyni, var gefin út í vor þar sem þeir eru sakaðir, meðal annars, um markaðsmisnotkun, umboðssvik, hylmingu og peningaþvætti.

Eitt af því sem Björn Þorvaldsson saksóknari þráspurði þá Sigurð, Hreiðar og Magnús um var hvort fréttatilkynning um kaup Al Thani hafi ekki verið vandlega samin með það fyrir augum að telja fólki trú um að hér væri um að ræða aukningu á lausafé bankans þegar hann í raun fjármagnaði kaupin sjálfur að öllu leyti.

Í tilkynningunni segir að eignarhaldsfélag Al Thani, Q Iceland Holding, hafi fjárfest í Kaupþingi fyrir 26 milljarða króna. Ekki er tekið fram hvernig staðið er að fjármögnun kaupanna né heldur er minnst á að helmingur upphæðarinnar komi í gegnum nýstofnað fjárfestingafélag sem var að fullu í eigu Ólafs Ólafssonar, eins af stærstu einstöku hluthöfunum í Kaupþingi. Í gegnum félag Ólafs runnu þrettán milljarðar, lánaðir af Kaupþingi, til eignarhaldsfélags Al Thani. Hina 13 milljarðana lánaði Kaupþing Al Thani milliliðalaust.

„Mér finnst þessi fréttatilkynning fullkomlega eðlileg. Þar er allt satt og rétt sem fram kemur,“ sagði Sigurður Einarsson við skýrslutökuna í Héraðsdómi í gær. Hreiðar neitaði einnig fyrir dómi í gær að tilkynningin væri misvísandi. Aldrei hafi verið reynt að halda því leyndu að Kaupþing fjármagnaði kaupin. Þá sagði Hreiðar að Al Thani hafi tekið raunverulega áhættu með kaupunum. Hann hafi skrifað undir sjálfskuldarábyrgð upp á 12,5 milljarða króna. Það hafi á endanum leitt til þess að hann greiddi slitastjórn bankans um þrjá og hálfan milljarð króna í upphafi árs. Að auki hafi frekara samstarf Kaupþings og Al Thani verið fyrirhugað. Það hafi því ekki verið rangt að kalla Al Thani fjárfesti sem væri að koma með hlutafé inn í starfsemi Kaupþings.

hjortur@frettabladid.is



**ÞÉTTSKIPAÐUR BEKKURINN** Það var hvert sæti skipað í dómssal 101 í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ekki aðeins hjá sakborningum og verjendum þeirra, heldur var fjöldi áhorfenda mættur til að fylgjast með réttarhöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Dagur 1 í Al Thani málinu

- Skýrslutakan af Hreiðari Má tók þrjá klukkutíma.
- Reiknað með að um 50 vitni verði leidd fyrir dómara á meðan á réttarhöldunum stendur.
- Skjöl sem sérstakur saksóknari lagði fram í dómi við upphaf málarekstursins eru um sjö þúsund blaðsíður.
- Rannsókn sérstaks saksóknara á málinu hefur staðið yfir frá miðju ári 2009.
- Hreiðar Már og Magnús Guðmundsson voru handteknir vegna málsins í maí 2011 og voru í kjölfarið úrskurðaðir í tólf og sjö daga gæsluvarðhald.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VETRARLEGT** Í dag og næstu daga blæs hressilega á landinu, það verður austanátt í fyrstu en síðan NA-átt. Rigning eða slydda S-til í dag en á morgun og fimmtudag má búast við snjókomu eða éljum norðan- og austanlands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Berlín | 10° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 25° | New York | 11° | París | 13° |
| Aþena | 20° | Billund | 10° | Gautaborg | 10° | London | 12° | Orlando | 27° | San Francisco | 15° |
| Basel | 16° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 10° | Mallorca | 23° | Ósló | 6° | Stokkhólmur | 7° |




**Á morgun**
Strekkingur eða allhvasst á annesjum.




**Fimmtudagur**
Víða 10-15 m/s, hægari inn til landsins.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



## VW Passat Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**6.290.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **8.790.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 11.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.800.000,-**



**Toyota Auris** Hybrid
Árgerð 2012, bensín/hybrid
Ekinn 17.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.890.000,-**



**Chevrolet Captiva** 7 sæta, leður og lúga. Árgerð 2011, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.390.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 113.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **6.390.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortl.
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 37.500 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.190.000,-**



**Mercedes-Benz** CLS350
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 64.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.950.000,-**



**VW Tiguan** Track&Style
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.890.000,-**



**Toyota Land Cruiser**
150 VX Árgerð 2011, dísil
Ekinn 58.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **9.890.000,-**



**Toyota Verso**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 21.500 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.950.000,-**



**Skoda Superb** Combi
2,0TDi Árgerð 2011, dísil
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



Tilboð **2.890.000,-**
**Audi A6 2,0T**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.690.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**
**MM Pajero** GLS 33”
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 117.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.490.000,-**



Tilboð **3.190.000,-**
**Suzuki Grand Vitara**
Premium Árgerð 2010, bensín
Ekinn 31.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



Tilboð **1.690.000,-**
**Subaru Forester** 2000
CS Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.290.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er nýr prestur í Staðarprestakalli á Snæfellsnesi?
**2.** Númer hvað er sýning Borgarleikhússins á Mary Poppins 10. nóvember?
**3.** Hvað heitir yfirhönnuður dömulínu Calvins Klein?

**SVÖR**

**1.** Sr. Páll Ágúst Ólafsson. **2.** Sýning númer 100. **3.** Fransisco Costa.

Sérstakur saksóknari segir talsverðan fjölda af tilhæfulausum kærum hafa tafið vinnu hjá embættinu:

# Telja opið veiðileyfi á fjármálastofnanir

**LÖGREGLUMÁL** Talsverður fjöldi af tilhæfulausum kærum sem aldrei voru líkur á að myndu leiða til sakfellingar hafa tafið fyrir starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara frá hruni, segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

„Þetta geta til dæmis verið kærur þar sem töluvert vantar inn í söguna hjá kæranda, eða að viðkomandi háttsemi hafi verið kærð áður til lögreglu, og fengið þar málalyktir," segir Ólafur.

„Við höfum ekki tekið saman sérstaka tölfræði um þetta, en þetta kemur alltaf af og til upp," segir Ólafur.

Hann segir engar einhlítar skýringar á því hvers vegna fólk leggi fram kærur þar sem því megi vera ljóst að þær muni ekki leiða til sakfellingar.

„Það virðist vera að einhverjir telji hanga í loftinu að það sé veiðileyfi á fjármálastofnanir í þessu umhverfi. Það gerir það kannski að verkum að fólk leitar til yfirvalda á nýjan leik og vonar að nú verði tekið öðruvísi á málinu. En auðvitað er fyrri niðurstaðan bindandi," segir Ólafur.

Hann segir þessi mál geta tekið töluverðan tíma fyrir starfsmenn embættisins, enda þurfi alltaf að skoða málin og í besta falli rökstyðja niðurfellingu. Ekki hafi verið tekið saman hver kostnaður embættisins hefur verið.

Af þeim hátt í 600 málum sem embættið hefur fjallað um hafa 247 verið felld niður. Ólafur segir tilhæfulausu kærurnar ekki stóran hluta af þessum fjölda. „En þær eru ekki lítið brot, þær telja nokkuð, þessar kærur." - bj



**FYRIR DÓMI** Aðeins hluti mála, sem rannsökuð eru hjá sérstökum saksóknara, endar fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**JOHN KERRY OG SAUD AL-FAISAL** Láta ekki erfiðleika í Miðausturlöndum trufla vináttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

John Kerry í Sádi-Arabíu:

## Vináttutengslin tryggð áfram

**SÁDI-ARABÍU, AP** Saud al-Faisal, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, fullvissaði John Kerry, hinn bandaríska starfsbróður sinn, um að vinátta þjóðanna væri ekki í hættu, þrátt fyrir erfitt ástand í Sýrlandi, Íran og Palestínu.

„Hér er ekkert rúm fyrir tilfinningasemi og reiði, heldur frekar fyrir stefnu skynseminnar og yfirvegunar," sagði al-Faisal þegar hann tók á móti Kerry í Ríad í gær.

Kerry sagði fyrir sitt leyti að samskipti ríkjanna hafi verið „djúpstæð" og þau hefðu nú staðið yfir í 75 ár og muni áfram vera góð. - gb

Forsætisráðherra Grænlands

## Fékk íslenskt skinn að gjöf

**SAMSTARF** Liðsmenn skákfélaganna Hróksins og Kalak hittu Alequ Hammond, forsætisráðherra Grænlands í gær og færðu henni við það tækifæri selskinn frá Árneshreppi á Ströndum að gjöf sem þakklætisvott fyrir dyggan stuðning við starf félaganna á Grænlandi og vináttu við íslendinga. Að sögn Hrafns Jökulssonar bar margt bar á góma á fundinum. Aleqa, sem fylgist vel með starfi Hróksins og Kalak, lét í ljós mikið þakklæti og sagði skákina frábæra aðferð við að efla tengsl Íslands og Grænlands. -jme

# Vilja fá 913 milljónir auk vaxta vegna brota

Vodafone vill að Síminn endurgreiði oftekin lúkningargjöld á árunum 2001 til 2007. Bótakrafa með vöxtum gæti farið yfir einn og hálfan milljarð króna. Síminn, sem tekur til varna, er sagður hafa játað sök með sátt við Samkeppniseftirlitið.

**VIÐSKIPTI** Vodafone (Fjarskipti hf.) hefur stefnt Símanum til greiðslu skaðabóta vegna samkeppnislagabrota á árunum 2001 til 2007. Símanum hefur verið birt stefnan og málið, samkvæmt heimildum blaðsins, verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á allra næstu dögum.

Vodafone segir brot Símans hafa falist í ofrukkun á svonefndum lúkningargjöldum. „Ofgreiðslur Vodafone vegna þessa námu 913 milljónum króna á tímabilinu og krefst félagið þess að fá þá upphæð endurgreidda auk vaxta," segir í tilkynningu félagsins til Kauphallar. Skaðabótavextir samkvæmt ákvörðun Seðlabankans eru 4,5 prósent, Endanleg bótaupphæð gæti því orðið um 1,2 til 1,5 milljarðar króna.

Vodafone segir að með fyrri úrskurðum samkeppnisyfirvalda og sátt Símans og Samkeppniseftirlitsins um lok mála frá því í mars á þessu ári felist viðurkenning Símans á að hafa beitt Vodafone ólögmætum verðþrýstingi.



**GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR**

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, bendir á að hluti af sátt Símans við Samkeppniseftirlitið hafi verið að Síminn félli frá þeim dómsmálum sem félagið hafði höfðað. „Í því felst engin viðurkenning á brotum líkt og ranglega er haldið fram af Vodafone," segir hún.

Þá segir hún kröfu Vodafone ekki byggða á réttum grundvelli. „Að mati samkeppnisyfirvalda fólst verðþrýstingur í því að of lítill munur væri á smásöluverði og heildsöluverði en ekki því að heildsöluverði væri of hátt. Mikilvægt er í þessu sambandi að lúkningarverðið á tímabilinu var samþykkt og ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun." Eins gildi tíu ára fyrningarregla og því geti Vodafone ekki gert kröfu vegna atburða sem áttu sér stað fyrir októberlok 2003. Við þetta lækki krafan um nálægt 200 milljónir króna. „Þá er rétt að halda því til haga að Síminn greiddi Vodafone umtalsvert hærri upphæðir en Vodafone greiddi Símanum á því tímabili sem um ræðir. Sá mismunur nemur yfir tveimur milljörðum króna. Þannig að við skiljum ekki hvað Vodafone er að fara," bætir Gunnhildur Arna við. „Fari hins vegar svo ólíklega að dómstólar taki undir sjónarmið Vodafone mun Síminn að sjálfsögðu gera sambærilega kröfu á hendur Vodafone vegna einokunarstöðu Vodafone í eigin kerfi. Sú krafa myndi að lágmarki nema yfir einum milljarði króna auk vaxta."

olikr@frettabladid.is




**SLÁST FYRIR DÓMI** Vodafone krefur Símann um bætur vegna samkeppnisbrota Símans 2001 til 2007. Fátítt er að fórnarlömb samkeppnisbrota krefjist bóta. Þó eru dæmi um slíkt vegna samráðs olíufélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

### Hvað eru lúkningargjöld?

Lúkningargjöld eru gjöld sem fjarskiptafyrirtæki innheimta fyrir símtöl sem send eru inn í fjarskiptakerfi þeirra, og er lokið þar, en eiga uppruna sinn í kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja. Ef til dæmis viðskiptavinur Vodafone hringir í viðskiptavin Símans þá innheimtir Síminn lúkningargjöld af Vodafone fyrir að ljúka símtalinu í fjarskiptakerfi sínu.



**SMYGL** Maður smyglaði jógúrti inn í Noreg frá Svíþjóð. MYND/TOLLVESENET

Bífræfinn brotamaður:

## Jógúrtsmyglari tekinn tvisvar

**NOREGUR** Norðmaður á sextugsaldri var í tvígang um síðustu helgi staðinn að smygli á jógúrti og kjúklingi frá Svíþjóð.

Aftenposten segir manninn hafa verið tekinn á laugardag með 800 jógúrtdósir, fimmtán kíló af kjúklingi, tólf kíló af kjúklingavængjum og tólf kíló af mjólkurdufti. Á sunnudag var hann svo með svipað magn af jógúrti og kjúklingi og deginum áður og 800 djúsfernur að auki. Talið er að andvirði varanna sé um hálf milljón króna, fjórfalt meira en leyft er að hafa með sér yfir landamærin. Maðurinn er talinn hafa ætlað að selja vörunar í Noregi, en þrætir fyrir það. - bj

Dómstóll í Svíþjóð:

## Netníðingur fer í fangelsi í tvö ár

**SVÍÞJÓÐ** Hálffimmtugur Svíi, sem hótaði að dreifa nektarmyndum af þrettán ára stúlku á netinu ,var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fjölda kynferðisbrota á netinu. Stúlkan svipti sig lífi en ekki var hægt að ákæra manninn fyrir dauða hennar.

Maðurinn fékk einnig aðra stúlku til að stilla sér upp fyrir framan vefmyndavél og hótaði henni einnig. Hann hafði í tuttugu önnur skipti reynt að fá fleiri stúlkur á aldrinum 11 til 14 ára til hins sama en þær neituðu. Hinn dæmdi sagði að einhver annar hefði fjarstýrt tölvu hans. - ibs





ENNEMM / SÍA / NM59924

Músharraf úr haldi:

# Engar sannanir komnar fram

**PAKISTAN, AP** Dómstóll í Islamabad samþykkti í gær að Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistans, yrði látinn laus gegn tryggingu.

Dómstóllinn féllst á þetta með þeim rökstuðningi að engar sannanir væru fram komnar sem sýni að Musharraf hafi í raun átt aðild að árás á mosku í Islamabad árið 2007. Harðlínuklerkur einn lét lífið í þeirri árás.

Musharraf hefur verið í stofufangelsi í yfir hálft ár. - gb

Maður á fertugsaldri handtekinn og fluttur á sjúkrahús eftir mannskæða skotárás í Noregi:

# Myrti tvo farþega og bílstjóra í rútu

**NOREGUR** Maður á fertugsaldri réðst á fólk í rútu í Noregi síðdegis í gær. Að minnsta kosti þrennt lét lífið, nítján ára kona frá Svíþjóð og tveir norskir menn, báðir á sextugsaldri. Annar þeirra var bifreiðarstjórinn en hinn farþegi.

Árásarmaðurinn, sem er frá Suður-Súdan, var handtekinn og síðan fluttur á sjúkrahús, sjálfur með lítils háttar sár eftir hníf.

Árásin var gerð í héraðinu Sogni og Fjörðunum, nánar tiltekið á þjóðvegi 53 milli Árdals og Tyin, en rútan var á leiðinni frá Árdal til Óslóar.

Fyrst var talið að bílslys hefði orðið og voru tveir slökkviliðsmenn sendir á staðinn. Árásarmaðurinn kom þá sjálfviljugur út úr bifreiðinni og hafði skilið hnífinn eftir. Slökkviliðsmennirnir héldu honum föngnum þangað til lögregla kom á vettvang.

Að sögn norska ríkisútvarpsins NRK höfðu aðrir ökumenn reynt að koma til aðstoðar en árásarmaðurinn hrakið þá frá með hótunum.

Lögreglan segir árásarmanninn frá Suður-Súdan en búsettan á þessum slóðum í Noregi. - gb



**ÞYRLA Á ÁRÁSARSTAÐNUM** Árásarmaðurinn er frá Suður-Súdan en búsettur í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VEIFA MYNDUM AF KHOMEINI ERKIKLERKI** Mótmæli eru árviss viðburður fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna í Teheran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tugir þúsunda Írana mótmæla Bandaríkjunum:

# Ósáttir við sáttavilja

**ÍRAN, AP Tugir þúsunda Írana komu saman utan við bandaríska sendiráðið í Teheran í gær til að lýsa andúð sinni á Bandaríkjunum.**

**Mótmæli fyrir utan sendiráðið eru árviss viðburður, jafnan haldin 4. nóvember til að minnast þess þegar hópur manna réðst inn í sendiráðið þennan dag árið 1979 og hélt starfsmönnum þess í gíslingu í rúmt ár.**

**Óvenju góð þátttaka var í mótmælunum í gær, og er það rakið til þess að harðlínufólk í Íran er afar ósátt við sáttatilburði Hassans Rúhaní forseta, sem undanfarið hefur reynt að bæta samskiptin við Bandaríkin.**

**Aðalræðumaður var Saíd Djalílí, sem bauð sig fram gegn Rúhaní í sumar en tapaði.**

**„Að berjast gegn alþjóðlegum hroka og fjandsamlegri stefnu Bandaríkjanna er tákn um þjóðareiningu okkar," sagði Djalílí, sem eftir kosningatapið var gerður að aðalsamningamanni Írans í kjarnorkudeilunum við Vesturlönd.**

**Djalílí er einn helsti andstæðingur Rúhanis, en um leið er hann ráðgjafi Ali Khameinís erkiklerks, sem í reynd ræður mestu í landinu. Khameini hefur á hinn bóginn stutt sáttaviðleitni Rúhanís.**

- gb


Kaffistofan

Fjölbreytt úrval af vörum fyrir kaffistofuna, allt á einum stað.

REKSTRARLAND



PIPAR\TBWA • SÍA • 132327

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is


# Þjóðarsátt forsenda sæstrengs til Evrópu

Lagning sæstrengs frá Íslandi til raforkusölu til Bretlands og Evrópu kemur ekki til greina nema almenn sátt sé um verkefnið. Sáttin verður einnig að vera þverpólitísk. Fyrrverandi orkumálaráðherra Breta segir alþjóðlega fjárfesta áhugasama.

**ORKUMÁL** Forsenda þess að raforkustrengur verði lagður frá Íslandi til Evrópu er þjóðarsátt um verkefnið að ítarlegri rannsóknavinnu lokinni. Þverpólitísk sátt hér innanlands er jafnframt nauðsynleg.

Þetta kom fram í erindi Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, á orkuráðstefnu Bresk-íslenska viðskiptaráðsins og Bloomberg í London á föstudaginn.

Hörður sagði það ekki duga til ef þjóðin myndi skiptast í jafnar fylkingar með og á móti því að leggja sæstrenginn. Hann nefndi því að samþykki 80 til 90% þjóðarinnar þyrfti til að ráðist yrði í verkið. Spurður um þessar tölur sagði hann þær vera táknrænar en ekki nákvæmar. Án þessa stuðnings sæi hann ekki fyrir sér að Landsvirkjun gæti haldið verkefninu lifandi. Hann sagði það hins vegar bjargfasta trú sína að mögulegt væri að vinna málinu þetta mikinn stuðning, byggðan á upplýsingum um verkefnið og umræðum meðal þjóðarinnar um einstök álitaefni.



**HÖRÐUR ARNARSON**



**CHARLES HENDRY**

Hann sagði það ekki í ranni Landsvirkjunar að setja viðmiðin, en fyrirtækið myndi þurfa mjög skýran stuðning til að mæla með því við stjórnvöld að verkefnið fengi brautargengi. Hann bætti við að þverpólitísk sátt yrði einnig að koma til og það væri mjög erfitt ef stjórnmálahreyfing stæði einarðlega gegn því að sæstrengur yrði lagður.





**Á RÁÐSTEFNU** Þungavigtarmenn fluttu erindi á orkuráðstefnu í London á föstudag. MYND/BRÍS

Charles Hendry, fyrrverandi orkumálaráðherra, flutti erindi á ráðstefnunni, en hann undirritaði einmitt viljayfirlýsingu breskra og íslenskra stjórnvalda um aukið samstarf ríkjanna á sviði orkumála í maí 2012, en þar er áhersla lögð á hagnýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Eitt aðalatriða samkomulagsins er möguleikinn á lagningu rafmagnsstrengs milli Íslands og Bretlands og að sá „möguleiki verði kannaður með jákvæðum augum", eins og segir í yfirlýsingunni sem Oddný G. Harðardóttir iðnaðarráðherra undirritaði fyrir Íslands hönd.

Hendry sagði að sem orkumálaráðherra hefði hann komið þeim skilaboðum á framfæri á Íslandi að ef Íslendingar myndu komast að þeirri niðurstöðu að sæstrengur yrði lagður þá væri breskstjórnvöld mjög áfram um að koma að því verki.

Hendry vék í erindi sínu að fjármögnun sæstrengsins. Hann sagði mikinn áhuga á verkefnum eins og sæstrengnum hjá stórum alþjóðlegum fjárfestum, ekki síst lífeyrissjóðum.

svavar@frettabladid.is

Starfsgreinasambandið krefst þess að lægstu laun hækki um 20 þúsund:

# Ekki grundvöllur til viðræðna

**VINNUMARKAÐUR** „Við teljum kröfugerð Starfsgreinasambandsins ekki grundvöll fyrir viðræður. Launaþróun hér á landi þarf að vera til samræmis við launaþróun í nágrannalöndunum. Þar er verið að semja um hálfs til tveggja prósenta launahækkanir á ári," segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

Starfsgreinasambandið lagði fram kröfugerð fyrir sextán af aðildarfélögum sínum í gær. Þess er krafist að lægstu mánaðarlaun hækki um 20 þúsund krónur á samningstímanum. Þá vill SGS að launatöflur verði endurskoðaðar og að bætt verði við nýju tíu ára starfsaldursþrepi.

„Við teljum kröfurnar ekki óraunhæfar. Þær eiga ekki að setja efnahagslífið á hliðina," segir Björn Snæbjörnsson, formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins. Hann segir að ríkisvaldið hafi ekki enn komið með sitt innlegg í samningsgerðina og menn séu orðnir langþreyttir á biðinni. SGS leggur áherslu á að stjórnvöld hækki persónuafslátt.

Þorsteinn segir að ef farið yrði að kröfugerð SGS hefði það 12 til 14 prósenta kostnaðarauka í för með sér fyrir atvinnurekendur. „Það myndi þýða afturkipp í efnahagslífið og verðbólgan myndi hækka umtalsvert," segir Þorsteinn. - jme



**„Við teljum kröfurnar ekki óraunhæfar. Þær eiga ekki að setja efnahagslífið á hliðina**

*Björn Snæbjörnsson formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins*

# Afmælishátíð

## 25-50% afsláttur af völdum vörum

**Börnin** fá rúmföt fyrir bangsann










**Margar gerðir rúmfata**
20-40% afsláttur

**Barnavörur**
25-40% afsláttur

**Svuntur & dúkar**
25-40% afsláttur

Sendum frítt
**www.lindesign.is**

# FÖGNUM 9 ÁRA AFMÆLI

ALLA ÞESSA VIKU - FRÁBÆR TILBOÐ - REYKJAVIK & AKUREYRI

# Stjörnubörn

## 25% afsláttur af öllum barnafötum

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI

Þegar barnið vex upp úr flíkinni, komdu með hana gegn 15% afslætti af nýrri. Rauði krossinn sér um að endurnýta vöruna.




**Íslensk hönnun**
Ofið úr 100% hágæða bómull

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is**

Maður í haldi í Danmörku:

# Skaut táning með loftbyssu

**DANMÖRK** Fimmtugur maður er nú í haldi lögreglunnar á Suður-Jótlandi fyrir að skjóta sautján ára pilt í höfuðið með öflugum loftriffli í Esbjerg á sunnudag. DR segir frá þessu.

Pilturinn, sem liggur nú þungt haldinn á sjúkrahúsi með hagl í heilanum, var á skellinöðru þegar skotið var á hann og var því fyrst talið að um umferðaróhapp væri að ræða. Annað kom þó á daginn og maðurinn hefur gengist við því að hafa skotið á piltinn. - þj

Sameiginlegt inntökukerfi fyrir almenna og sjálfstæða grunnskóla boðað af ráðherra í Svíþjóð:

# Breyting gagnast ekki erfiðum nemendum

**SVÍÞJÓÐ** Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar, hyggst leggja til breytingar á lögum þannig að sameiginlegt inntökukerfi verði fyrir sjálfstæða grunnskóla og grunnskóla sveitarfélaganna.

Björklund varar samtímis við því að slíkt komi ekki í veg fyrir að sjálfstæðir skólar, sem eru sjálfseignarstofnanir og eiga að vera opnir öllum, hafni ákveðnum nemendum.

Í kjölfar afhjúpana sjónvarpsfréttamanna um að sjálfstæðir skólar hafni erfiðum nemendum eða nemendum sem glíma við námsörðugleika hafa margir krafist breytinga á biðraðakerfinu.

Björklund vill að kerfið verði gagnsærra en efast um að lagabreyting leysi vandann. Í viðtali á vef Dagens Nyheter telur hann að flokkunin fari fram fyrir inntöku þegar foreldrarnir hringja til að kanna hvort pláss sé í skólanum.

Ráðherrann segir að eftirlitsstofnun með málefnum skólanna verði að fylgjast betur með þessum málum. Auk þess sé mikilvægt að foreldrar láti vita þegar þeim finnst að barni þeirra hafi verið hafnað. - ibs



**JAN BJÖRKLUND** menntamálaráðherra Svíþjóðar. NORDICPHOTOS/AFP


# Aukin þekking og færni

**Fjölbreytt úrval námskeiða við allra hæfi.**

## Hönnun og handverk

**Bókagerð – handgerðar bækur**
Búnar eru til bækur úr mismunandi efnum, áferð, formi og litum. ***Hefst 19. nóvember.***

**Höggvið í stein**
Kennd eru undirstöðuatriði í almennri steinsmíði og höggverki. Þátttakendur hanna og smíða hlut úr steini. ***Hefst 5. nóvember.***

**Taulitun og tauþrykk**
Kenndar eru ýmsar aðferðir við að lita og þrykkja á efni. ***Hefst 9. nóvember.***

## Málmur og tré

**Húsgagnaviðgerðir**
***Hefst 26. nóvember.***

**Málmsuða**
Grunnur. ***Hefst 2. desember.***
Framhald. ***Hefst 11. nóvember.***

## Skipstjórn

**ECDIS**
ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi.
***Hefst 9. desember.***

**Hásetafræðsla**
Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú.
***Hefst 11. nóvember.***

**IMDG námskeið**
Meðferð og flutningur á hættulegum farmi um borð í þurrlestarskipum.
***Hefst 9. desember.***

**Smáskipanámskeið**
Kennt í fjarnámi.
***Opið fyrir skráningu til 8. nóvember.***

**Skemmtibátanámskeið**
Kennt í fjarnámi.
***Opið fyrir skráningu til 8. nóvember.***

## Tölvur og upplýsingatækni

**App fyrir iPhone|iPad**
Lærðu að búa til þitt eigið app.
***Helgarnámskeið 23. og 24. nóvember.***

**Hljóðsetning** Nýtt!
Farið í hljóðsetningu fyrir myndbönd og leiki, helstu aðferðir við upptökur og eftirvinnslu á hljóði. ***Haldið 9. nóvember.***

**Nuke eftirvinnsla** Nýtt!
Farið yfir hvernig nota má Nuke í eftirvinnslu á kvikmyndum. ***Hefst 14. nóvember.***

**jQuery**
Viltu setja meira líf á vefsíðuna þína með jQuery? Lærðu grunninn á þessu námskeiði.
***Hefst 18. nóvember.***

**Photoshop fyrir byrjendur**
Farið yfir helstu tól forritsins, maska og leiðir til að lagfæra og litaleiðrétta myndir.
***Hefst 9. nóvember.***

**Revit Architecture**
Grunnnámskeið. ***Hefst 2. desember.***

**Revit lagnir** Nýtt!
Farið í notkun á Revit MEP sem er notað til að setja upp lagnateikningar við mannvirkjahönnun. ***Hefst 9. desember.***

**SketchUp þrívíddarteikning**
***Hefst 19. nóvember.***

**Tölvuleikjagerð í þrívídd**
Unity 3D forritið kynnt og búinn til tölvuleikur. ***Hefst 2. desember.***

**Skráning og nánari upplýsingar:**
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is
Sími 514 9602

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu




**NÁMSMENN** Fjölmargir Íslendingar eru í námi erlendis, til dæmis við Karolinska háskólasjúkrahúsið í Stokkhólmi. NORDICPHOTOS/AFP

# Skoðar álag á námsmenn sem ílengjast

Eðlilegt er að skoða hvort námsmenn sem taka námslán í námi erlendis en skila sér ekki heim að námi loknu ættu að borga markaðsvexti af láninu, segir formaður fjárlaganefndar. Getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, segir framkvæmdastjóri SÍNE.

**MENNTAMÁL** Rétt er að skoða hvort rukka eigi íslenska námsmenn, sem taka námslán til að fjármagna nám erlendis en skila sér ekki heim að námi loknu, um markaðsvexti af námslánunum, að mati formanns fjárlaganefndar Alþingis.

„Það er ekki óeðlilegt að þeir sem ekki skila sér heim að námi loknu borgi einhvers konar álag,“ segir Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Hún segir þetta vangaveltur á þessu stigi, en hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi þar sem menntamálaráðherra er spurður hvort hann telji rétt að námsmenn erlendis greiði markaðsvexti af námslánunum skili þeir sér ekki heim.

Vigdís á sæti í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar, sem skilaði nýverið til ráðherranefndar, sem skipaði hópinn, tillögum sínum. Vigdís vill ekki segja til um hvort þær hugmyndir sem hún reifar hér séu í niðurstöðum hagræðingarhópsins. Rétt sé að bíða þess að ríkisstjórnin geri tillögurnar opinberar.

„Þetta eru mínar vangaveltur. Allir sjóðirnir okkar eru tómir og við þurfum að forgangsraða gríðarlega í ríkisrekstrinum af því það var ekki gert af síðustu ríkisstjórn. Við í hagræðingarhópnum höfum velt við hverjum einasta steini í ríkisrekstrinum til að finna einhverja hagræðingarmöguleika. Það er það ekki óeðlilegt að þeir sem ekki skila sér heim borgi einhvers konar álag, enda vextir af námslánunum langt undir markaðsvöxtum.“

Hún segir marga aðra möguleika á að breyta námslánakerfinu. Til dæmis megi hugsa sér að umbuna þeim sem ljúki námi á stuttum tíma með því að breyta hluta lánanna í styrk.



> „Það er ekki óeðlilegt að þeir sem ekki skila sér heim að námi loknu borgi einhvers-konar álag.
>
> *Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis*

„Okkur líst mjög illa á þessar hugmyndir, sem gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér,“ segir Hjördís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE).

Hún bendir á að það gæti orðið til þess að draga úr fjölda fólks sem sæki sér menntun erlendis ef það geti átt það á hættu að þurfa að borga háa vexti af lánunum.

„Maður veit aldrei hvar tækifærin liggja,“ segir Hjördís. Námsmenn sem ætli sér að flytja til annars lands til að læra geti óvænt fengið starfstilboð þar.

„Það getur komið okkur á Íslandi til góða ef fólk vinnur í nokkur ár erlendis og kemur svo heim reynslunni ríkara. Fólk veit ekki fyrirfram hvar það endar,“ segir Hjördís.

Hún telur að stjórnvöld ættu frekar að einbeita sér að því að skapa aðstæður hér á landi sem dragi námsmenn heim, í stað þess að velta fyrir sér kvöðum á þá sem kjósi að búa áfram utan landsteinanna.

brjann@frettabladid.is



LJÓS í MYRKRINU
MÚRBÚÐARVERÐ
SHA-207
Vinnuljóskastari
á telescope fæti
400W ECO pera
5.995
SHA-218-28E
Vinnuljóskastari ECO perur
2x400W tvöfaldur á fæti
9.690
SHA-0203
Vinnuljóskastari
m handf 400W ECO pera
1,8m snúra
3.995
Ljóskastari 36W
sparpera CFL
2.990
ZB LED ljós
með hleðslurafhlöðu
2.995
Hleðsluljós LM6006
3.990
Gemstone LED ljós
f/rafhlöður
1.290
LED Þríhyrningsljós
990
SHA-8083 3x36W Halogen
16.690
Telescopic þrífótur
fyrir halogen lampa
6.790
26W Vandað svart ál útiljós
36x17cm m/sparperu
2.995
SHA-2625
Vinnuljóskastari
Rone 28W m. innst.
blár. 1,8m snúra
6.790
T38 Vinnuljós
5.290
Ryco lampi með perum
hvítur spegill 2x36W
4.690
Ljósahundur 60W
5 mtr snúra
2.690
SHA-3901 T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
1x18w 67,5x11,2cm
2.865
IP 65 LAMPAR
PERUR
FYLGJA
Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
með perum
7.990
Ryco LCL-M2 T8 lampi
2x36W 113 cm IP30
með perum
7.990
Vinnuljós (langhundur) m/flúor peru 8W
1.690
SHA-3901A T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x18w 67,5x16,6cm
3.395
Ryco LCL-M1036 T8/G13
lampi 36W 122 cm
með peru
2.490
MIKIÐ ÚRVAL
FJÖLTENGJA!
SHA-3902A T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x36w 128x16,6cm
5.595
Ryco LDL-MD236A
lampi m.grind 2x36w T8
122x30x7,5cm með perum
6.990
Fjöltengi. 3 innstungur
595
SHA-V5228 IP65 T5 lampi
Flúor lampi
2x28w 120cm
5.890
LED pera 3W
1.195
Ryco LCB-T5003 T5 lampi
13W með 1,8 m snúru 59 cm
með peru
2.590
Kapalkefli 10 mtr
2.990
Kapalkefli 15 mtr
3.990
15 metra rafmagnssnúra
3.290
LED pera E27 7W
3.290
Kapalkefli Wis-
SCR2-30 30 metrar
4.690
Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Brúðkaupsgestur í Noregi:

# Tapaði slagnum gegn brúðinni

**NOREGUR** Brúðkaupsveisla ein sem haldin var í Ósló um helgina fór aldeilis úr böndunum að því er fram kemur á vef Dagbladet.

Þegar nokkuð var liðið á veisluna vatt kona ein úr hópi gestanna sér að brúðinni og veittist að henni með höggum í andlitið. Varð uppi fótur og fit en viðskiptum þeirra tveggja lauk með því að árásarkonan var flutt á sjúkrahús. Meiðsli hennar reyndust þó óveruleg og fékk hún að fara heim að lokinni skoðun. - þj

Múhameð Morsí, fyrrverandi forseti Egyptalands, var leiddur fyrir dóm í gær eftir langt varðhald:

# Sagði dómstól enga lögsögu hafa yfir sér

**EGYPTALAND, AP** Múhameð Morsí, sem var settur af sem forseti Egyptalands í júlí, sagði fyrir dómi í gær að hann væri réttkjörinn leiðtogi landsins og að dómurinn hefði enga lögsögu yfir sér.

Réttarhaldinu var frestað fram í janúar eftir háreysti í réttarsalnum, en Morsí neitaði meðal annars að klæðast fangabúningi og hann og aðrir sakborningar gerðu hróp að dómurum.

Morsí var settur af með hervaldi og er nú ákærður fyrir að hvetja til ofbeldis og morða á að minnsta kosti tíu mótmælendum fyrir utan forsetahöllina í desember í fyrra. Hann og fjórtán aðrir framámenn í Bræðralagi múslima eiga yfir höfði sér lífstíðarfangelsi eða jafnvel dauðadóma.

Eftir að réttarhaldinu var frestað var Morsí fluttur aftur í varðhald, en talið er að honum sé haldið í fangelsi í eyðimörkinni skammt frá Alexandríu.

Mikil öryggisgæsla var við réttarhöldin sem haldin voru í húsnæði lögregluskóla í Kaíró, þar sem réttarhöldin yfir Hosní Múbarak fóru einnig fram.

Mikil spenna hefur ríkt í Egyptalandi þar sem stuðningsmenn Morsís og Bræðralagsins hafa mótmælt bráðabirgðastjórninni, sem situr í skjóli hersins. Á meðan leggjast yfirvöld af fullum þunga á Bræðralagið og hafa handtekið tugi forystumanna og bannað starfsemi þess. - þj



**STYÐJA MORSÍ** Forsetinn fyrrverandi á stóran hóp stuðningsmanna sem lét skoðun sína í ljós í gær. Þeirra á meðal var þessi maður sem var með grímu með andliti Morsí. NORDICPHOTOS/AFP


HB GRANDI

HLUTHAFAFUNDUR

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn þriðjudaginn 12. nóvember 2013 í matsal félagsins í Norðurgarði, Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00

Dagskrá

1. Tillaga um staðfestingu á samruna við Laugafisk ehf.

Stjórn HB Granda hf. leggur til að hluthafafundurinn staðfesti með vísan til 124. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 samruna Laugafisks ehf. við félagið samkvæmt samrunaáætlun félaganna, dags. 22. ágúst 2013, sem auglýst var í Lögbirtingablaðinu 9. október 2013.

Samruninn miðast við 1. júlí 2013 og tekur HB Grandi hf. við öllum rekstri, eignum og skuldum, réttindum og skyldum félagsins í samræmi við samrunaáætlun. Til að mæta samruna félaganna verður hlutafé félagsins aukið um kr. 15.625.000 og er skiptihlutfall hlutabréfanna 16 þannig að hver hluthafi í Laugafiski ehf. fær 1 hlut í HB Granda hf. fyrir 16 hluti í Laugafiski ehf.

2. Tillaga um hlutafjárhækkun vegna kaupa á öllum hlutum í Vigni G. Jónssyni hf.

Stjórn HB Granda hf. leggur til að hluthafafundurinn samþykki að hækka hlutafé félagsins um kr. 100.000.000 á síðasta sölugengi First North, 16,2. Verði hinu nýja hlutafé öllu varið til að kaupa alla hluti í Vigni G. Jónssyni hf.

Hluthafar Vignis G. Jónssonar hf. geta einir skrifað sig fyrir hinum nýju hlutum. Þannig fylgir forgangsréttur hluthafa HB Granda hf. ekki þessari hækkun.

Áskriftarréttur að hækkuninni skal vera 4 vikur frá samþykkt tillögunnar og skulu hinir nýju hlutir allir greiddir með hlutum í Vigni G. Jónssyni hf.

Dagskrá og tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og einnig á heimasíðu félagsins: www.hbgrandi.is

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent hluthöfum á fundarstað frá kl. 16:30.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Reykjavík, 5. nóvember 2013
Stjórn HB Granda hf.

ÍSLENSKA SIA.IS GRA 66427 11/13



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT




**HEILSAÐ AÐ SIÐ NASISTA** Einingardagurinn 4. nóvember hefur orðið að einum helsta vettvangi rússneskra þjóðernissinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vilja aðeins eitt þjóðerni

**Þúsundir Rússa komu saman í Moskvu á einingardegi Rússlands til að úthúða innflytjendum. Útlendingar sagðir stunda glæpi og hirða störfin af Rússum.**

**RÚSSLAND, AP** Nokkur þúsund rússneskra þjóðernissinna komu saman í Moskvu í gær og tóku þátt í mótmælagöngu á breiðgötu í suðausturhluta borgarinnar.

Þátttakendur voru á öllum aldri, allt frá ungum nýnasistum til eldra fólks. „Ungt fólk gegn umburðarlyndi“ stóð á einum mótmælaborðanum, en margir veifuðu fána gamla rússneska keisaraveldisins.

Slagorðin einkenndust af mikilli andúð á innflytjendum, einkum þeim sem koma frá fyrrverandi sovétlýðveldum í Mið-Asíu og frá Kákasushéruðunum, þar sem múslímar eru í meirihluta. Sumir hrópuðu „Rússland fyrir Rússa“, heilsuðu að sið þýskra nasista og báru merki þýskra nasista. Um 30 manns voru handteknir.

Svipaðar göngur voru haldnar í fleiri borgum Rússlands, þar á meðal í Pétursborg, Kazan og Irkutsk.

Í stórborgum Rússlands hefur í vaxandi mæli sést fólk frá Mið-Asíuríkjunum að vinna í byggingarvinnu eða í ýmsum láglaunastörfum sem Rússar hafa lítinn áhuga á.

Rússnesk stjórnvöld hafa að mestu látið þessa þróun afskiptalausa, hvorki reynt að stemma stigu við því að fólk frá Mið-Asíulöndum flytji til Rússlands né reynt að aðlaga það að rússnesku samfélagi.

Undanfarið hafa verið áberandi fréttir af nokkrum hryllilegum glæpaverkum, sem innflytjendur hafa framið. Þessir atburðir hafa vakið reiði meðal Moskvubúa og lögreglan er sökuð um að sýna lítinn áhuga á að hafa uppi á sökudólgunum.

Göngur af þessu tagi hafa verið haldnar á hverju ári þann 4. nóvember allt síðan 2005, en þá var hinn svokallaði einingardagur Rússlands haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Þessi dagur kom í staðinn fyrir byltingardaginn 7. nóvember, sem haldinn var hátíðlegur á tímum Sovétríkjanna til minningar um októberbyltinguna 1917.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðast þó fáir Rússar vita að þessi nýi hátíðardagur er haldinn til minningar um sigur Moskvubúa á innrásarher frá Póllandi árið 1612. Þess í stað hefur dagurinn að nokkru orðið vettvangur þjóðernissinna og útlendingahaturs.

gudsteinn@frettabladid.is



**GRÍMUKLÆDDUR** Þátttakendur í mótmælagöngunni hrópuðu slagorð gegn innflytjendum FRÉTTABLAÐIÐ/AP


BENSÍNLAUS, STRAUMLAUS, SPRUNGIÐ, TJÓNASKÝRSLA
ÞÚ HRINGIR
Í VEGAAÐSTOÐ SJÓVÁR
440 2222
AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓVÆNT
SU 764
ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ
SJÓVÁ
STOFN

Fyrrverandi ráðherrar í uppgjörsfasa:

# Ég er góði gæinn

Mikið óskaplega hefur ráðherrum í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur verið orðið mál að tjá sig um þá upplifun. Eða að minnsta kosti að fegra sinn hlut og leiðrétta ímyndina – sína eigin nota bene ekki ríkisstjórnarinnar sem slíkrar – eftir hið hroðalega afhroð sem samstarfsflokkarnir Samfylkingin og Vinstri græn hlutu í alþingiskosningunum í vor. Að minnsta kosti þrír ráðherrar þeirrar stjórnar eru í sviðsljósinu í yfirstandandi jólabókaflóði, þótt Jóhanna sjálf stingi reyndar ekki niður penna heldur láti eiginkonuna um það. Össur Skarphéðinsson og Steingrímur Sigfússon sjá hins vegar sjálfir um sín skrif og Össur fer mikinn í fjölmiðlum þessa dagana með lýsingar úr bókinni. Minna hefur frést af innihaldi bókar Steingríms en umfjöllunin um það með tilheyrandi flennifyrirsögnum hlýtur að skella á von bráðar.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Össuri verður tíðrætt um það í viðtölunum hversu þungbær aðförin að Geir H. Haarde hafi reynst honum og hversu litlu hafi munað að sá sirkus allur hafi sprengt ríkisstjórnina. Ekki hefur hann þó séð ástæðu til að tjá sig um það hvers vegna hann yfirgaf ekki stjórnina fyrst hún fór fram með slíku gerræði. Sennilega hefur honum, eins og flestum öðrum stjórnmálamönnum, þótt vænna um embættið en sannfæringu sína þegar á hólminn var komið.

Það er nefnilega enginn vandi að öðlast völd, vandinn felst í því að sleppa þeim, eins og rithöfundurinn Andri Snær Magnason orðaði það þegar sú ákvörðun Jóns Gnarr að hætta sem borgarstjóri var til umræðu á Facebook. Öll borgarstjóratíð Jóns Gnarr er reyndar auðvitað gjörningur sem ekki á neitt skylt við hefðbundna pólitík en engu að síður er sú ákvörðun hans að hætta með sæmd að eigin frumkvæði eitthvað sem pólitíkusar mættu taka sér til fyrirmyndar. Tala nú ekki um gamlir jálkar sem enn eru pikkfastir í hagsmunapólitík og hrossakaupum fortíðarinnar og kalla það að benda á ávirðingar allra annarra en sjálfra sín að gera upp stjórnarsetu.

Það er svo önnur Ella hvort þessi bókaskrif þjóni þeim tilgangi sínum að fegra hlut viðkomandi ráðherra og sverta hlut annarra. Enda ætti það varla að skipta máli héðan af hver var í góða liðinu og hver í því vonda í fortíðinni. Fortíðin er nefnilega liðin og komið að þeirri framtíð sem fjöldafylgi Besta flokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum var upphafið að og því eiga ýmsir erfitt með að kyngja. Sá grunur læðist að manni að það sé ekki tilviljun að vinstriráðherrarnir vilji beina athyglinni að öðru en því sem aflaga fór í stjórnartíð síðustu stjórnar nú í upphafi kosningabaráttuvetrar. Að þeir vilji að borgarstjórnmálin lúti þeirra gamalgrónu lögmálum og fari sem fljótast úr því fari sem gjörningur Besta flokksins og frammistaða Jóns Gnarr á stóli borgarstjóra hefur veitt þeim í. Að enn séu þeim völdin hjartfólgnari en flest annað, þótt þeir þykist hafa látið af þeim og sett stjórnun flokka sinna í hendur yngra fólks. Það skyldi þó ekki vera.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

LEIKJASKJÁKORT
msi
GEFORCE
GTX N760

Sannkallað ofurskjákort fyrir leikina. Twin Frozr gaming skjákort hlaðið öllu því besta frá MSI.Fyrir þá sem gera alvöru kröfur um öfluga grafík.
54.990
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að viðra fýluna

Össur Skarphéðinsson rekur í nýrri bók sinni deilurnar sem kraumuðu undir yfirborðinu í Samfylkingunni á meðan eldtungurnar teygðu sig til himins úr gluggunum VG-megin á stjórnarheimilinu. Það sem svo gerðist í framhaldinu vekur upp spurningar um hvort hafi reynst heilladrýgra; að flagga óhreina tauinu og gera upp við kergjuna opinberlega með látum og slá af sér óhamingjuhrólfa eða bera meinin með sér inn í kosningabaráttuna. Það mætti kannski læra eitt og annað af hruni Samfylkingar í síðustu kosningum.



### Námslán og átthagafjötrar

Vigdís Hauksdóttir leggur fram fyrirspurn til ráðherra þar sem hann er inntur eftir því hvort til greina komi að skilyrða námslán einstaklinga sem stunda nám erlendis „þannig að komi þeir ekki heim til starfa að námi loknu hækki vextir á lánum þeirra til samræmis við almenna markaðsvexti“. Þetta er hárrétt hugsun. Það er ekkert sem hvetur okkar besta og klárasta fólk til að sækja sér fyrsta flokks menntun til útlanda heldur en gamaldags átthagafjötrar.



### Aðrétta ESB

Fyrsta heildarritið um sauðfjárrækt á Íslandi er komið út hjá Uppheimum. Um er að ræða mikið og merkt rit, en athygli vekur að einn helstu styrktaraðila á bak við útgáfu bókarinnar er sjálft Evrópusambandið í gegnum menntaáætlunina Leonardo. Einhver forkólfur úr bændahreyfingunni hafði einhvern tíma á orði að siðlaust væri að þiggja aðréttu frá ESB, en nú er sauðkindin blessuð víst gengin í þessi björg.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ójafnræði og stofnanasamningar

HEILBRIGÐISMÁL



Fríða Pálmadóttir
hjúkrunarfræðingur og trúnaðarmaður hjúkrunarfræðinga á Eir hjúkrunarheimili

Óþreyja er meðal hjúkrunarfræðinga á öldrunarstofnunum og öðrum stofnunum á velferðarsviði þar sem hjúkrunarfræðingar starfa.

Nú er mælirinn að verða fullur, á tímum samdráttar þar sem laun sumra hjúkrunarfræðinga hafa verið lækkuð með þeim formerkjum að það sé verið að hagræða og lítið fjármagn sé til að reka fyrirtæki í velferðarþjónustu.

Vinnuálag hefur aukist til muna og hjúkrunarfræðingum ætlað jafnvel í sumum tilfellum að bera ábyrgð á þáttum sem tengjast hjúkrun ekki á neinn hátt. Vinnuálag er oft mikið og hjúkrunarfræðingar taka aukna ábyrgð á mörgum sviðum. Stofnanasamningar hjúkrunarfræðinga eru lausir og ekki hefur verið samið við okkur svo árum skiptir (margir samningar runnu út 2006).

Þau svör sem hjúkrunarfræðingar hafa fengið hjá rekstraraðilum er að ekkert fjármagn sé til og af þeim sökum sé ekkert að semja um. Á sama tíma hafa hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá ríkisstofnunum gert nýja stofnanasamninga og inn í það fléttast jafnlaunaátak sem samþykkt var 21. janúar 2013. Einnig hafa nokkur hjúkrunarheimili gert stofnanasamning við hjúkrunarfræðinga og því ber að fagna. En eftir sitja hjúkrunarfræðingar á mörgum hjúkrunarheimilum og fyrirtækjum í velferðarþjónustu þar sem velferðarráðuneytið mun ekki setja neitt aukið fjármagn til þessara stofnana.

**➜ Ef velferðarráðuneytið mun ekki sjá sér fært að allir hjúkrunarfræðingar hafi sambærilega samninga mun verða atgerfisflótti hjá þeim sem starfa á öldrunarstofnunum og á velferðarsviði.**

Ef velferðarráðuneytið mun ekki sjá sér fært að allir hjúkrunarfræðingar hafi sambærilega samninga mun verða atgervisflótti hjá þeim sem starfa á öldrunarstofnunum og á velferðarsviði.

Aldraðir munu verða fyrir enn frekari skerðingu á þjónustu á sama tíma og öldruðum fjölgar og aukin þörf er fyrir hjúkrunarrými.

Hjúkrunarfræðingar sem starfa í öldrunarþjónustu munu því biðla til velferðarráðuneytisins um að setja aukið fjármagn til stofnana svo hægt sé að hlúa að öldruðum og sjúkum á faglegan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Veikindi barns

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



„Lítill rúmlega eins árs pjakkur er lasinn og með háan hita, rúmlega 39 stig, lítið kvefaður og einstaka hóstakjöltur, þetta byrjaði allt saman snemma morguns. Móðirin óskar eftir því að láta lækni skoða drenginn þar sem hún hefur áhyggjur og hringir í símatíma, þar fær hún þau svör að sennilega sé þetta nú bara pest og hún eigi að sjá til. Eftir útskýringar sem hún sættir sig við ákveður hún að bíða en ástandið versnar með deginum svo hún leitar til vaktlæknis sem skoðar barnið og hann kemst að sömu niðurstöðu. Engin meðferð nema hitalækkandi og stuðningur. Drengnum versnaði, hann hafði litla matarlyst, kastaði einu sinni upp, mjög slappur og sofnaði svo snemma um kvöldið með háan hita þrátt fyrir stíl sem hann hafði fengið. Seinna um kvöldið verða hjónin vör við hávaða úr herbergi stráksa og þegar þau koma þar inn er hann greinilega krampandi. Barnið er flutt með sjúkrabíl í skyndi á sjúkrahús þar sem hann greinist með heilahimnubólgu."

Þetta er martröð allra foreldra og lækna, enda mjög dramatískt skáldað tilfelli sem sýnir vel hversu hratt hlutirnir geta breyst til hins verra þegar um jafn alvarlega sjúkdóma er að ræða og þann sem þessi ungi drengur greindist með. Heilahimnubólga getur á örfáum klukkustundum gjörbreytt sjúkdómsmynd viðkomandi en sem betur fer heyrir þetta þó til algerra undantekninga.

Breytum þessari sögu lítillega, „drengurinn hafði litla matarlyst en eftir að hann fékk stíl hresstist hann allur og borðaði ágætlega, svaf svo sæmilega vært um nóttina en vaknaði að morgni með hita og hor sem rann í stríðum straumi úr nefi hans. Rellinn og aumur en svarar ágætlega stílameðferð næstu tvo daga samkvæmt ráðleggingum læknisins. Dregur svo af honum á 3ja degi, pirraður og togar í eyrun svo móðirin ákveður að fara með hann að nýju. Hún sækist eftir því við lækninn að hann gefi út sýklalyf, en skoðunin styður það ekki svo ráðleggingarnar eru áfram styðjandi meðferð og þolinmæði. Einkennin versna næsta sólahringinn svo faðirinn fer með barnið til læknis að nýju sem gefur út sýklalyf vegna eyrnabólgu."

> Það er því lykilatriði að almenn fræðsla um sjúkdóma eigi sér stað sem og gott samtal milli læknis og foreldra

**Þá reynir á traustið**

Þetta er eitthvað sem margir foreldrar ungra barna kannast við, en allt eins hefði mátt stilla sögunni þannig upp að litli pjakkurinn jafnaði sig ágætlega á 3ja degi, væri orðinn hitalaus og allur hinn hressasti sem er algengasta niðurstaða slíkra veikinda. Búinn að kljást við þá sýkingu sem hann var með í þetta skiptið og tilbúinn að takast á við næstu veirusýkingar sem eiga eftir að koma reglubundið á komandi árum í lífi hans. Ónæmiskerfi hans hafði gott af þessari æfingu og það mun styrkjast með slíkum áskorunum til framtíðar.

Hvers vegna er ég að segja ykkur þessa sögu? Jú, það er afar mikilvægt að átta sig á því hversu dynamísk veikindi barna geta verið og að oftast nær er um að ræða einfaldar veirusýkingar sem ekki þurfa meðhöndlunar við. Þó er rétt að muna það að slík veikindi geta þróast til hins verra sem gerir inngrip nauðsynlegt í framhaldi. Það má heldur ekki gleyma hefðbundnum bakteríusýkingum sem geta orsakað keimlík einkenni og þarfnast yfirleitt meðhöndlunar sem fyrst samanber heilahimnubólgu. Það má greina vissa tilhneigingu til að ofmeðhöndla hér á Íslandi, sérstaklega með sýklalyfjum, bæði vegna þrýstings skjólstæðinga á að lenda ekki í hinum alvarlegri veikindum, en einnig sökum tímaskorts til eftirfylgdar og endurmats hjá sama lækni. Slíkt getur leitt af sér lélega læknisfræði og hættu á að þróa fjölónæmar bakteríur sem engin vopn bíta á, því þurfum við að vera á varðbergi.

Það er því lykilatriði að almenn fræðsla um sjúkdóma eigi sér stað sem og gott samtal milli læknis og foreldra þegar eftir því er óskað, eða ef foreldri finnur fyrir óöryggi varðandi veikindi barns. Læknisskoðun og rannsóknir geta skipt verulegu máli, en eru þó ekki í öllum tilvikum nauðsynlegar. Það að taka ákvörðun um að skoða ekki byggir á mati og reynslu viðkomandi læknis og þótt honum kunni að þykja veikindin harla ómerkileg pest, getur því verið alveg öfugt farið fyrir mömmuna og/eða pabbann og þá reynir á traustið milli aðila.

# Auknar skuldir og álögur

FJÁRMÁL
Kristinn Karl Brynjarsson
frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðislokksins í Reykjavík



> ➔ **26 milljarðar jafngilda leikskólagjaldi fyrir 20.930 börn allt kjörtímabilið, miðað við núverandi gjaldskrá leikskólanna, gjaldflokk I og átta tíma veru á leikskóla.**

Skuldir A-hluta borgarsjóðs hafa aukist um 26 milljarða á kjörtímabilinu. Það jafngildir aukningu upp á 6,5 milljarða ár hvert, 18.000.000 á dag eða 750.000 á hverri klukkustund.

Fyrir 26 milljarða er hægt að byggja aðra Hörpu.

Fyrir 26 milljarða er hægt að fara 47 milljón sinnum í sund á sundstöðum borgarinnar. Miðað við núverandi gjaldskrá.

Fyrir 26 milljarða er hægt að kaupa 8.670.000 dagskort í Bláfjöll eða 945.000 vetrarpassa, miðað við gjaldskrá síðasta vetrar.

Fyrir 26 milljarða má kaupa 2.796.000 mánaðarkort (græn kort) í strætó eða 74.286.000 stakar ferðir með strætó.

26 milljarðar jafngilda leikskólagjaldi fyrir 20.930 börn allt kjörtímabilið. Miðað við núverandi gjaldskrá leikskólanna, gjaldflokk I og átta tíma veru á leikskóla.

Fyrir 26 milljarða má kaupa u.þ.b. þúsund 3ja herbergja íbúðir í Reykjavík.

Fyrir 26 milljarða má kaupa u.þ.b. 10 þúsund nýja Hyundai i20 bíla.

Af upptalningunni hér að ofan má sjá, að um verulegar fjárhæðir er að ræða. Á meðan á þessari skuldasöfnun hefur staðið, þá hafa álögur á borgarbúa hækkað langt umfram verðlag.

Víðast hvar hefur grunnþjónustan í borginni dregist saman eða í besta falli staðið í stað. Þrátt fyrir síauknar álögur á borgarbúa. En við lok kjörtímabilsins mun fjölskylda í Reykjavík með þrjú börn á skólaaldri greiða 440 þúsund krónum meira í skatta og þjónustugjöld til borgarinnar, en hún gerði í upphafi þess.

Það er því ekki með nokkrum hætti hægt að segja að fjármunum borgarinnar hafi á kjörtímabilinu verið forgangsraðað í þágu grunnþjónustu. Eða þá í þágu fjölskyldna er grunnþjónustuna nota.

Strax í byrjun næsta kjörtímabils, þarf því að fara í þá vinnu að endurskoða fjárhagsáætlun borgarinnar og forgangsraða fjármunum borgarinnar upp á nýtt. Í þágu öflugri grunnþjónustu borgarbúum öllum til heilla.

Í lífi og starfi setja borgarbúar fjölskyldur sínar í forgang. Það er því skylda allra borgarfulltrúa að setja fjölskyldurnar í borginni í fyrsta sæti.

Landsvirkjun

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Á haustfundi fyrirtækisins verður opin umræða um hvernig við getum best staðið undir því hlutverki í breyttu umhverfi.

– **Ragnheiður Elín Árnadóttir**, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, opnar fundinn.
– **Hörður Arnarson** forstjóri, **Ragna Árnadóttir** aðstoðarforstjóri og **Björgvin Skúli Sigurðsson**, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs, ræða um tækifæri Landsvirkjunar í breyttu umhverfi.
– **Gísli Marteinn Baldursson** stýrir opnum umræðum.

**Taktu þátt í fundinum. Skráning á landsvirkjun.is**



## AF NETINU

### Ósýnilega höndin í vösum skattgreiðenda

Ósjálfbær orkuframleiðsla á Hellisheiði fyrir álver hefur orðið til þess að afköst jarðhitavirkjunarinnar minnka um sex megavött á ári að meðaltali. Af þeim sökum þarf Orkuveita Reykjavíkur nú að leggja gufulögn frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun til að afla þeirrar orku sem hún þarf til að geta staðið við samninga við álver Norðuráls á Grundartanga. Áætlað er að það kosti fyrirtækið 4,3 milljarða króna og geri orkusölu til stóriðju enn óarðbærari. Þar sem verð á orku til Norðuráls er fastbundið í samningum er líklegt að þessi nýju útgjöld leiði til verri afkomu Orkuveitu Reykjavíkur, fyrirtækis í almannaeigu, eða enn frekari hækkana á orkuverði til almennings.

http://www.dv.is/blogg

*Guðmundur Hörður Guðmundsson*


**Makamissir**

Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur og Brynhildur Hall sjúkraliði ræða um makamissi á samveru Nýrrar dögunar fimmtudagskvöldið 7. nóvember kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Aðgangur er ókeypis og opinn öllum.

Stuðningshópur hefst í kjölfarið.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is



HJARTNÆM OG AFHJÚPANDI




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Samband Jóhönnu Sigurðardóttur og Jónínu Leósdóttur fór lengi leynt en endaði í heimspressunni. *Við Jóhanna* er áhrifamikil ástarsaga þeirra – dramatísk sigursaga um aflið sem býr í ástinni.

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


# Nýr Landspítali STRAX

HEILBRIGÐISMÁL



**Tryggvi Gíslason**
formaður Hollvinasamtaka líknarþjónustu

Fyrir liggur forhönnun að nýjum og glæsilegum Landspítala, háskólasjúkrahúsi. Um hönnunina má lesa á: http://www.nyrlandspitali.is/nyrlandspitali/islenska/forsida/. Gert er ráð fyrir að sjúkrahúsið rísi í áföngum og leysi af hólmi stóran hluta starfsemi núverandi Landspítala sem er á 17 stöðum í 100 byggingum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki þarf því að bíða – forhönnun fyrsta áfanga er lokið og unnt að hefjast handa um leið og Alþingi hefur tekið um það ákvörðun.

Í kjölfar hrunsins 2008 var horfið frá smíði nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Verkefninu var síðan hleypt af stokkunum á nýjan leik í nóvember 2009 með viljayfirlýsingu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og lífeyrissjóða um fjármögnun verkefnisins.

Árið 2010 voru samþykkt lög nr. 64/2010 um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík. Opinbert hlutafélag, Nýr Landspítali ohf. – NLSH, tók til starfa í samræmi við viljayfirlýsinguna og nefnd lög í júlí sama ár. Félagið hefur að markmiði að bjóða út byggingu nýs Landspítala og er heimilt að gera samninga til að ná markmiðum sínum á sem hagkvæmastan hátt. Þó er ekki heimilt að hefja framkvæmdir að loknu útboði fyrr en Alþingi hefur heimilað þær með lögum. Í vor ákvað Alþingi að falla frá ofangreindri leiguleið. Var lögum frá 2010 því breytt þannig að verkefnið er nú hefðbundin ríkisframkvæmd. Forgangsröðun Alþingis, er varðar fjárheimildir í fjárlögum, ræður því framkvæmdahraða og er því óvíst hvenær unnt er að hefjast handa.

### Hagkvæm framkvæmd

Í grein sem Alma D. Möller, yfirlæknir á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut, skrifaði í sumar segir að í skýrslu norsks ráðgjafafyrirtækis sé áætlað, að rekstrarlegur ávinningur verði um 2,6 milljarðar á ári. Hagræðing til ársins 2050 sé að nettónúvirði 2,3 milljarðar sem þýðir að hagræðing af byggingunni gerir betur en að greiða upp byggingarkostnað. Væri ekkert byggt, er niðurstaða samsvarandi núvirðisreiknings neikvæð um 25,3 milljarða. Það er því mun hagstæðara að byggja nýtt en að hafast ekki að og er þá hagur sjúklinganna og starfsmanna ekki reiknaður til fjár. Samkvæmt nýrri áætlun er kostnaður við byggingu fyrsta áfanga 48 milljarðar og kostnaður vegna tækjakaupa, endurnýjunar eldra húsnæðis og fjármögnunar um 36 milljarðar. Gert er ráð fyrir að byggingartími fyrsta áfanga sé 5 ár. Nettónúvirði reksturs Landspítala án nýbyggingar er hinsvegar verulega neikvætt.

Í greininni bendir Alma D. Möller á færa leið til að fjármagna byggingu nýs Landspítala: að íslenskir lífeyrissjóðir láni fé til framkvæmdanna. Fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna sé áætluð um 150 milljarðar á ári og fjárfestingatækifæri séu fábreytt. Sjóðina skorti heimild til að fjárfesta í erlendum eignum og tryggir fjárfestingakostir séu fáir innanlands. „Líklegt er að þátttaka í fjármögnun slíkrar framkvæmdar myndi tryggja ávöxtun sem væri í takt við þá áhættu sem þessari fjárfestingu er samfara. Þar að auki er þetta samfélagsleg fjárfesting og til hagsbóta fyrir umbjóðendur þeirra, lífeyrisþega,“ segir í grein Ölmu D. Möller. Og hún heldur áfram:

„Fyrir liggur endurskoðun fjárreiðulaga. Er rætt um að þeim verði breytt þannig að ríkisstofnanir í A-hluta færi fullt rekstrar- og eignabókhald. Ef fasteignir LSH yrðu settar í sérstakt fasteignafélag, t.d. NLSH ohf., þá gæti Landspítalinn fengið bygginguna til afnota gegn leigugjaldi en byggingin yrði færð til eignar hjá fasteignafélaginu. Þá gæti t.d. NLSH ohf. tekjufært leigu frá Landspítalanum sem dygði til að greiða niður fjármagnskostnaðinn á skilgreindum notkunartíma eignanna. Slíkar lagabreytingar myndu gera leiguleiðina mögulega.“

**➜ Heilsugæsla frá vöggu til grafar er einn af hornsteinum samfélagsins. Traustur Landspítali sem miðstöð lækninga og rannsókna er undirstaða heilsugæslu í landinu. Alþingi þarf nú að sameinast um smíði nýs spítala og gera lífeyrissjóðum kleift að lána til framkvæmdanna.**

Undir þessi orð má taka. Nú hafa tíu þingmenn lagt fram þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala þar sem segir að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða má undirbúningi byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og hefja byggingu hans strax að því loknu. Nýr Landspítali ohf. eða ríkissjóður fái heimild til að taka lán fyrir byggingarkostnaði, hvort heldur er beint hjá traustum lánveitendum eða óbeint með milligöngu ríkisins.

Heilsugæsla frá vöggu til grafar er einn af hornsteinum samfélagsins. Traustur Landspítali sem miðstöð lækninga og rannsókna er undirstaða heilsugæslu í landinu. Alþingi þarf nú að sameinast um smíði nýs spítala og gera lífeyrissjóðum kleift að lána til framkvæmdanna. Leiðin er greið og bygging nýs Landspítala við Hringbraut þolir enga bið.

# Framsóknarskref

NÁTTÚRUVERND



**Sigrún Helgadóttir**
líf- og umhverfisfræðingur

Ríkisstjórn Íslands vekur náttúruverndarfólki ugg. Ýmislegt sem gert var til varnar náttúru landsins á síðustu árum hefur verið tekið til baka. Fólk minnist með hryllingi mestu umhverfisspjalla Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjunar, sem ákveðin voru með offorsi þvert á ráðleggingar fagfólks og almenna skynsemi. Sú afstaða og vanþekking stjórnmálamanna sem birtist í þeirri framkvæmd hræðir. Þar fóru framsóknarmenn fremstir, studdir einstaklingum úr öðrum flokkum. Hins vegar, ef skoðuð er saga náttúruverndar á Íslandi, sést ólík afstaða fyrri tíðar framsóknarmanna og þeirra sem réðu við Kárahnjúka. Á síðustu öld voru framsóknarmenn lykilmenn þegar tekin voru þrjú stærstu framfaraskref Íslendinga til verndar náttúru landsins, Jónas frá Hriflu við stofnun Þingvallaþjóðgarðs, Eysteinn Jónsson þegar sett voru almenn náttúruverndarlög og Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra þegar umhverfisráðuneytið var stofnað.

### Atvinnugreinar og auðlindir

Ferðaþjónusta er hinn nýi, stóri atvinnuvegur Íslendinga. Hún byggir á ákveðinni nýtingu náttúruauðæfa þjóðarinnar, rétt eins og landbúnaður, fiskveiðar og orkuiðnaður en hefur það fram yfir þær að hún getur verið sjálfbær og það er eingöngu undir okkur sjálfum komið hvort svo er. Landbúnaður hefur lengst af gengið á gróðurauðlind landsins og deilt hefur verið um, bæði innanlands og við aðrar þjóðir, hvort fiskveiðar Íslendinga séu sjálfbærar eða ekki. Orkuiðnaðurinn er að stórum hluta ósjálfbær því að virkjanir hafa stuttan líftíma og verða ónýtar á fáum áratugum. Virkjanir og háspennulínur spilla jafnframt þeirri auðlind sem ferðaþjónustan byggir á, sérstakri og fagurri náttúru og lítt röskuðum víðernum.

Íslensk náttúra er ekki aðeins grunnur ferðaþjónustu, hún er fyrst og fremst mikilvæg þeim sem á landinu lifa. Nú óttast margir fólks- og atgervisflótta, að Íslendingar sem verið hafa í námi erlendis komi ekki heim og að vel menntað fólk leiti til útlanda þar sem gefast betri kjör en hérlendis. Árum saman hefur fólk þó látið sig hafa það að koma heim og búa hér, fjölskyldan dregur, upprunninn og menningin en ekki er vafi á því að þar á íslensk náttúra líka stóran hlut. Það felast í því veruleg lífsgæði að lifa á Íslandi, hafa tök á því að upplifa íslenska náttúru í daglegu lífi, ganga á fjöll, rölta með árbökkum og ströndum og njóta ómældrar víðáttu íslenskra heiðalanda allt árið um kring. Nú óttast margir skerðingu á þessum lífsgæðum.

### Nauðsynlegt skref til framsóknar

Mörg verðmætustu svæði landsins eru í hættu vegna vanrækslu, óstjórnar og þess öngþveitis sem ríkir í stjórnskipan verndarsvæða og ferðamannastaða á Íslandi. Þetta eru friðlýst svæði eins og þjóðgarðar, friðlönd eða náttúruvætti, ýmis önnur verndarsvæði í umsjón ríkisins, s.s. skógræktar-, landgræðslu- og fornminjasvæði og loks ýmsar þjóðlendur fyrst og fremst á hálendi landsins. Þessi svæði eru undir stjórn fjölmargra ólíkra stofnana sem falla undir nokkur ráðuneyti. Skrefið sem nú þarf að stíga til náttúruverndar og framfara er að samræma stjórn þeirra undir einni stofnun. Meginhlutverk slíkrar stofnunar væri að standa vörð um þau gæði landsins sem hafa vísindalegt eða fagurfræðilegt gildi og veita fólki, innlendu sem erlendu, nauðsynlega útivist, upplifun og hughrif. Stofnunin væri fjármögnuð með komugjaldi sem allir ferðamenn til landsins greiddu.

**➜ Munu nútíma framsóknarmenn nýta tækifærið og snúa til fyrri viðhorfa eða halda áfram á óheillabraut síðustu ára?**

Munu nútíma framsóknarmenn nýta tækifærið og snúa til fyrri viðhorfa eða halda áfram á óheillabraut síðustu ára? Fjárlagafrumvarp gefur ekki tilefni til bjartsýni en þar eru skornar niður fjárveitingar til uppbyggingar á náttúruverndarsvæðum. Þingið tekur nú frumvarpið til umræðu og væntanlega er langt í samþykkt þess. Talað er um breytingar á stjórnkerfinu, tilfærslur og fækkun stofnana og enn hefur sérstakur umhverfisráðherra ekki tekið til starfa. Nú er tækifæri til og rík þörf á að taka enn eitt framsóknarskref sem komandi kynslóðir gætu minnst sem heillaskrefs til náttúruverndar.



**FLEIRI HEIMAFÆÐINGAR**
Heimafæðingum hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár. Árið 1980 voru heimafæðingar 0,8% af öllum fæðingum, árið 1990 voru aðeins tvær heimafæðingar en í fyrra voru heimafæðingar 99 eða 2,2% af öllum fæðingum.

# ERTU ALVEG AÐ KAFNA ÚR HITA?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Náttúrulega lausn við hita- og svitakófum.*



**NÁTTÚRULEG LAUSN** Chello hefur hjálpað fjölda íslenskra kvenna á breytingaaldri um árabil.

Þrjár af hverjum fjórum konum upplifa einhver óþægindi við tíðahvörf. Breytingaaldurinn er í raun frábært aldursskeið þar sem andlegur þroski konunnar er í blóma en honum fylgja oft kvillar eins og hita- og svitakóf, geðbreytingar, leiði og orkuleysi. Chello hefur hjálpað íslenskum konum með frábærum árangri.

Chello er alveg náttúrulegt efni sem hjálpað hefur fjölda íslenskra kvenna um árabil við þessum kvillum. Efnið jafnar sveiflurnar og slær þannig á hitakófin. Það eru engir hormónar í þessum töflum og Chello er eitt af fáum efnum sem skandinavísk læknablöð og kvensjúkdómalæknar hafa mælt með fyrir konur á breytingaskeiðinu. Chello er framleitt í Danmörku og er þekktasta og vinsælasta efnið fyrir konur á breytingaskeiði þar í landi og í Noregi. Hægt er að fræðast frekar um Chello á www.gengurvel.is

Chello er fáanlegt í flestum heilsubúðum, apótekum og í Fjarðarkaupum. Þrjár tegundir af Chello eru í boði.

**CHELLO CLASSIC GRÆNN** - er gott við mildum einkennum af svita- og hitakófum. Það inniheldur plöntuextrakt úr dong quai og einnig rauðsmára-, vallhumals-, kamillu- og túnfífils-extrakt. Inniheldur ekki soja.

**CHELLOFORTE RAUÐUR** - er ætlað konum yfir fimmtugt og er gott við miklu svita og hitakófum. Það inniheldur dong quai og soja-extrakt, sem hefur virkað vel á hita- og svitakóf, ásamt rauðsmára og salvíu.

**CHELLO FORTE +D-VÍTAMÍN BLÁR** er gott fyrir konur undir fimmtugu. Það slær á mikil hita og svitakóf og inniheldur sömu efni og rauða Chello með viðbættu D-vítamíni sem styrkir beinin, sem er mikilvægt fyrir konur sem byrja snemma á breytingaskeiðinu.




## HELSTU JURTIR Í CHELLO

**Kamilla:** Góð við svefnleysi, kvíða, leiða, útbrotum og gigt.
Soja: Minnkar svitakóf, lækkar kólesteról. Gott fyrir beinvefinn, fyrirbyggir beinþynningu.
**Dong Quai:** Styrkir leg, linar tíðaverki, við tíðaóreglu og tíðahvörfum.
**Vallhumall:** Styrkjandi, mýkjandi, græðandi, bætir sinateygjur og minnkar stirðleika.
**Túnfífill:** Er mjög vatnslosandi.
Rauðsmári: Minnkar svitakóf, þvagblöðrustyrkjandi, góður við taugaóróa og húðvandamálum.


**Astmi og lungnaþemba**
skerðir súrefni í blóði.
**Hvað gerir SUPERBEETS?**
Örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax.
**30%** meiri **súrefnisupptaka**
**30%** æðaútvíkkun betra blóðflæði, réttur blóðsykur aukin fitubrennsla,
**20%** meira þrek, orka og úthald.
**SUPERBEETS Rauðrófukristall**
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt.
Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf.
Umboð: www.vitex.is






**Ný búð opnar**
Finndu þinn eigin stíl





opnunar-tilboð
við erum ennþá með 20% opnunar afslátt
My Style tískuhús
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur





Vertu örugg með þig í réttri stærð
Kr 6.860-
buxur
kr. 2.680,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag opið frá kl 10-14
Vertu vinur





Stuðnings-stöngin
**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Vilji vilji.is ...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.






# GREINA ALVARLEG MEIN MEÐ BLÓÐPRUFU

*Ný rannsókn á sortuæxlum gæti leitt til hraðari greiningar og nýrra meðferðarúrræða.*

Hugsanlega má nota einfalda blóðprufu til að greina þá sjúklinga sem eru með sortuæxli sem byrjað er að dreifa sér. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Dundee-háskólann í Skotlandi og kynntar voru á ráðstefnu í Bretlandi á dögunum. Fréttavefur BBC greinir frá því að rannsakendur telji lykilinn að því að greina hvort sortuæxli hafi dreift sér vera að mæla magn erfðavísisins TFP12 í erfðaefni blóðs.

Erfitt getur verið að greina sortuæxli og vandasamt að meðhöndla það ef það dreifir sér. Talið er að uppgötvun vísindamannanna geti leitt til hraðari greiningar og nýrra meðferða.

Dr. Tim Crook leiddi rannsóknina. „Með því að nota blóðprufu höfum við einfalda og nákvæma leið til að athuga hve langt sjúkdómurinn er genginn. Auk þess sjáum við fyrr hættumerki um að meinið sé að dreifa sér. Þetta gæti gefið læknum og sjúklingum upplýsingar mun fyrr,“ segir hann.

Vísbendingar eru um að meðferð sé mun áhrifaríkari á fyrstu stigum og því er til mikils að vinna að ná til sjúklinga þegar meinið er rétt að byrja að dreifa sér.

Yfir átta af hverjum tíu lifa lengur en tíu ár eftir að sortuæxli greinist. Sérfræðingar segja að enn meira þurfi að gera fyrir sjúklinga sem eru með sortuæxli sem dreift hafa sér í önnur líffæri. Niðurstöður vísindamannanna við Dundee-háskólann gætu hjálpað til við að þróa ný meðferðarúrræði fyrir þann hóp.

# TEKIST Á VIÐ EIGIN SÖGU OG FORDÓMA

**HEILSA** *Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur er einn fjölmargra sem taka til máls á Fræðadögum heilsugæslunnar sem haldnir verða í vikunni. Vigfús ræðir mikilvægi þess að fagaðilar skoði eigin fordóma.*

Fræðadagar eru árlegur viðburður hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og eru ætlaðir starfsmönnum og fagfólki. Dagskráin fer fram 7. og 8. nóvember að þessu sinni en dagskráin er afar fjölbreytt. Málstofur eru níu en þeirra á meðal er málstofan „Kynáttunarvandi – Er ég Ég“. Þar mun Helgi Garðar Garðarsson, forsvarsmaður kynáttunarvandateymis á BUGL, fjalla um meðferð og úrræði fyrir ungmenni með kynáttunarvanda og Margrét Magnúsdóttir og Freyja Dögg De Leon flytja erindið Hlustið á okkur því þetta er okkar líf.

Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur flytur erindi um hvernig fagaðilar geta unnið gegn eigin fordómum. „Ég ætla að fjalla um mikilvægi þess að við meðferðaraðilar og fagaðilar sem fylgjum fólki könnumst við okkur sjálf, þekkjum okkar eigin sögu og eigin fordóma,“ segir Vigfús og telur alla hafa gott af því að kíkja inn á við. „Ég hugsa að hver og einn geti fundið eitthvað sem vert er að skoða,“ segir hann og bendir á að fáir séu fordómalausir með öllu. Sjálfur segist hann reglulega þurfa að líta sér nær. „Ég held að við sem vinnum náið með fólki hljótum alltaf að hitta okkur sjálf fyrir einhvers staðar.“

En hvernig er best að taka á eigin fordómum? „Fordómar okkar hljóta alltaf að vera vísbending um okkar eigin sögu og það sem hefur mótað okkur. Því ætti heiðarleg sjálfsskoðun að vera leiðin til að berjast gegn fordómum sínum,“ svarar Vigfús. Þá sé einnig gott að kynnast og fræðast meir um það sem fordómarnir beinast gegn.

Vigfús hefur unnið með fjölskyldum þeirra sem eiga við kynáttunarvanda að stríða. „Ég hef reynt að hjálpa fólki að eiga heiðarlegt samtal til að það geti sýnt hvert öðru skilning,“ segir hann og finnst það yfirleitt ganga vel. „Þar kemur samfélagsleg úrvinnsla meðal annars inn í. Samfélagið hefur áttað sig á fjölbreytninni í mannlífsflórunni og það hjálpar fólki að vinna við sín eigin mál.“



**PRESTUR** Vigfús flytur erindið Hvernig við könnumst við okkur sjálf, okkar eigin fordóma og álitamál sem við þurfum að mæta í starfi, á Fræðadögum heilsugæslunnar sem haldnir verða í vikunni. MYND/ANTON





Í tilefni að 50 ára afmæli Parísartísku ætlum við að bjóða upp á léttar veitingar út þessa viku.

Parísartízkan býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50.
Áhersla er lögð á gæði og góða persónulega þjónustu






Parísartízkan
vertu vinur okkar á facebook

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER 2013



Mazda RX-8

# 50 ÁRA AFMÆLI ROTARY-VÉLARINNAR

**Rotary-vélin er ólík öðrum bílvélum að því leyti að í stað stimpla er hvelfdur þríhyrningur inni í næstum sívölu sprengirýminu. Þrátt fyrir kosti Rotary-véla eru ókostirnir svo margir að allir hafa horfið frá framleiðslu þeirra.**

Bílasýningin í Tókýó hefur ávallt verið vettvangur nýjunga og óvæntra hluta. Fyrir nákvæmlega 50 árum, miðað við síðustu helgi, kom Mazda bílaheiminum í opna skjöldu með algerlega nýrri gerð brunavéla, Rotary-vélinni. Síðan þá hefur þessi vél verið hjartfólgin bílaáhugamönnum, þrátt fyrir að Mazda hafi nýverið ákveðið að hætta framleiðslu hennar. Rotary-vélin er ólík öðrum bílvélum að því leyti að í stað stimpla er hvelfdur þríhyrningur inni í næstum sívölu sprengirýminu. Þríhyrningurinn snýst þegar eldsneytið brennur í holum milli hans og innri veggja sívalningsins. Faðir Rotary-vélanna var þýski verkfræðingurinn Felix Wankel og hafa Rotary-vélar einnig verið kallaðar Wankel-vélar í höfuð hans. Hann fékk einkaleyfi á þeim árið 1929 en hóf ekki af alvöru þróun þeirra fyrr en upp úr miðri síðustu öld og fyrsta fullþróaða vélin kom ekki fram fyrr en árið 1957.

### Margir keyptu einkaleyfi Wankels

Fjölmörg fyrirtæki keyptu einkaleyfi hans og þróuðu vél hans enn frekar. Meðal þeirra fyrirtækja voru Mercedes Benz, General Motors, Rolls Royce og Mazda. Enginn tók þó smíði þeirra í meiri hæðir en Mazda. Rotary-vélar sáust þó frá ýmsum framleiðendum í fólksbílum, sportbílum, trukkum, mótorhjólum, flugvélum, snjósleðum, go-kart bílum, hjólsögum, sjóköttum og ofuröflugum keppnisbílum. Einn bílanna hafði sigur í Le Mans-þolakstrinum, hinn frægi 787B-bíll frá Mazda, sem vann kappaksturinn árið 1991. Sá bíll var 700 hestöfl og hafði hámarkshraðann 338 km/klst. Meðalhraði hans í keppninni var 205 km/klst. og komst hann 362 hringi á brautinni á þeim 24 klukkustundum sem þolaksturinn tekur.

### Ótrúlegar móttökur fyrsta bílsins

Þegar Mazda tók Rotary-vélina upp á sína arma og smíðaði fyrsta bílinn með þannig vél hét fyrirtækið ekki einu sinni Mazda heldur Toyo Kogyo, sem síðan stofnaði bíladeild innan fyrirtækisins sem fékk nafnið Mazda. Þegar Mazda sýndi sinn fyrsta Rotary-bíl á bílasýningunni í Tókýó árið 1963 voru aðeins liðin þrjú ár síðan Mazda framleiddi sinn fyrsta bíl, R360 kei car. Því var þetta útspil Mazda bæði mjög óvænt og metnaðarfullt. Fyrsti Rotary-bíll Mazda var með 0,8 lítra sprengirými, en Rotary-vélar eru hvað þekktastar fyrir að ná mörgum hestöflum út úr litlu sprengirými. Bíllinn var 70 hestöfl og fékk nafnið Mazda Cosmo Sport og ók forstjóri Toyo Kogyo þessum sportlega og fríða bíl inn á sýninguna við mikla eftirtekt sýningargesta. Bíllinn fékk verðskuldaðar frábærar móttökur, enda var hann framúrstefnulegur, afar sportlegur og eins og beint úr einhverri framtíðarkvikmynd. Hann bar þó keim af Ford Thunderbird, bara miklu minni, en margir af fyrstu bílum japanskra framleiðenda báru mjög keim af bandarískri framleiðslu.

### Fordómar í garð japanskra framleiðenda

Þessi fyrsti Rotary-bíll Mazda sýndi heimsbyggðinni fyrir hvað Mazda ætlaði sér að standa í framtíðinni og ný stjarna var fædd. Margir höfðu þó efasemdir um bíla frá Japan, sem síðar átti að sannast að voru aldeilis ekki á rökum reistar. Sömu fordómum mætti 2000GT-bíll Toyota, sem menn síðar áttuðu sig á að var aldeilis frábær bíll og er söfnunarbíll í dag. Mazda hélt áfram að þróa bíla með Rotary-vélum og næsti bíll kom aðeins ári síðar, 1964, og aðrir japanskir framleiðendur fylgdu í kjölfarið. Árið 1967 hafði Mazda fullkomnað Cosmo-bílinn og var vél hans orðin 110 hestöfl með 10A Rotary-vélinni.

### Er Rotary-draumurinn úti?

Rotary-vélin þjáðist samt alltaf af mikilli eldsneytiseyðslu og því urðu margir bílaframleiðendur henni afhuga. Mazda hélt þó uppi nafni hennar og setti Rotary-vélar í flestar sínar bílgerðir. Frægir bílar Mazda með Rotary-vél urðu síðar RX-3 og RX-7 sportbílarnir, en kaupendum þeirra var eyðslan ekki efst í huga. Síðasti bíllinn sem Mazda framleiddi með Rotary-vél varð svo RX-8, sem bílageggjarar þreytast ekki á að mæra fyrir frábæra aksturseiginleika. Sala hans fór þó sífellt minnkandi og svo fór að framleiðslunni var hætt. Mazda hefur þó haldið áfram að þróa nýja Rotary-vél sem kölluð er 16X, en ókostir Rotary-vélanna gætu reynst Mazda fjötur um fót og ekki víst að fyrirtækið þori að ráðast í framleiðslu bíls með þeirri vél. Mazda er þó ekki alveg tilbúið að jarða þessa frægu arfleifð sína og útför Rotary-vélarinnar hefur ekki enn farið fram. Skyldi Mazda sjokkera bílaheiminn einu sinni enn með Rotary-bíl á komandi bílasýningu í Tókýó?













| BMW 525D XDRIVE | 2,0 L DÍSILVÉL, 218 HESTÖFL<br>Fjórhjóladrif<br><br>Eyðsla 5,1 l/100 km<br>í bl. akstri | Mengun 133 g/km $CO_2$<br>Hröðun 7,0 sek.<br>Hámarkshraði 240 km/klst<br>Verð 10.190.000 kr.<br>Umboð BL |
|---|---|---|


BMW 525 er með allra bestu akstursbílum og ekki skaðar útlitið heldur.

# STENDUR UNDIR LOFINU

## BMW 5 hefur ávallt verið meðal allra bestu akstursbíla og það sannaðist í reynsluakstrinum. Stendur oftast uppi sem sigurvegari í samanburðarprófunum í sínum stærðarflokki.

**BMW 525D XDRIVE**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

BMW 5-línan hefur verið í framleiðslu í 41 ár og hefur selst í 6,6 milljónum eintaka. Fimm-línan er næstsöluhæst hjá BMW, á eftir 3-línunni, en framleiðsla 5-línunnar skilar engu að síður um 50% hagnaðar allra seldra bíla BMW. Núverandi 5-lína er af sjöttu kynslóð, hún kom fyrst á markað árið 2011. Einhvern veginn hefur þessi bíll, sama af hvaða kynslóð, verið einstaklega fallegur og á það sannarlega einnig við nú. Hann er líka af svo réttri stærð og hentar mörgum, frá barnmörgum fjölskyldum til forstjóra. Það á ekki alveg eins vel við BMW 3, sem er eiginlega of smár sem góður ferðabíll og með of skert farþegarými, eða BMW 7, sem er hreinræktuð limósína af ríflegri stærðinni. Það er því ekki nema von að þessi bíll renni út eins og heitar lummur um allan heim og sé sá söluhæsti í sínum stærðarflokki lúxusbíla á flestum markaðssvæðum.


BMW 5-línan hefur verið valin uppáhaldsbíll Þjóðverja trekk í trekk.

### Uppáhaldið í heimalandinu

Sá bíll sem nú er í boði er af 2014 árgerð. Hann hefur fengið örlitla andlitslyftingu, sem ekki hefur þó haft afgerandi áhrif á útlit bílsins. Framendinn hefur breyst hvað mest og þá helst kringum þokuljósin sem nú eru umlukin krómi. Framluktirnar hafa einnig breyst lítillega og útblástursrörin. Bíllinn hefur fengið nettari afturljós sem í sjón gerir hann breiðari og voldugri að aftan. Breytingarnar að innan eru enn þá minni og vart hægt að greina muninn milli kynslóða. Það er ekkert skrítið að BMW 5-línan sé vinsæll bíll, því fyrir utan fallegt útlit er hann einstaklega góður akstursbíll. Hann stendur oftast uppi sem sigurvegari í samanburðarprófunum í sínum stærðarflokki og hann hefur verið valinn uppáhaldsbíll Þjóðverja í föðurlandi sínu. Þessar staðreyndir segja nær alla söguna, en BMW 5 hefur ávallt verið meðal allra bestu akstursbíla og það sannaðist í reynsluakstrinum.

### Einstakir aksturseiginleikar

Aksturseiginleikar þessa bíls verða seint lofaðir um of og akstri hans er hægt að líkja við að svífa um á silkiskýi. Svo mikið er hægt að leggja á hann við akstur að seint verður farið að mörkum getu hans og mikla dirfsku þarf til þess. Hann svínliggur svo í beygjum að leitun er að öðru eins. Samt er þetta vel stór fjölskyldubíll og ekki er dónalegt að bjóða fjórum farþegum með í för. Reynsluakstursbílinn var eins og svo vel hentar við íslenskar aðstæður, fjórhjóladrifinn eins og nafnið bendir til, þ.e. xDrive. Vélin í reynsluakstursbílnum var 2,0 lítra dugleg dísilvél, 218 hestöfl sem hentar þessum bíl einkar vel. Hún togar vel á breiðu snúningssviði þó svo upptaka hans við lægsta snúning sé ekki svo áhrifarík. Þegar vélin fær hins vegar að snúast aðeins meira tekur fjörið við og frábær skipting bílsins skilar aflinu hressilega. Gripi hjólanna er dreift með hátæknivæddu fjórhjóladrifi þar sem mest átak fer til þess hjóls sem mestu gripi nær og því er þessi bíll frábær á hálu

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is Sími 5125432
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**

- Framsætin eru með þeim allra þægilegustu
- Stýrið fer svo vel í hendi að leitun er að öðru eins
- Þrátt fyrir mikið afl er eyðsla bílsins afar lítil

**▼**
- Verð
- Ytra útlit að eldast
- Tímafrekt að venjast stjórntækjum

**▲**
- Akstursseiginleikar
- Lítil eyðsla
- Vel smíðaður

undirlagi og ætti að vera fær í flestan snjó. Snerpa bílsins með þessa vél er góð. Hann er 7,0 sekúndur í hundraðið og ef hann er keyptur án fjórhjóladrifsins er hann léttari og fer sprettinn á 6,9 sekúndum. Bílinn má fá með margs konar vélum og með 3,0 lítra dísilvélinni er hann 5,7 sekúndur í 100 og slík vél með hærri þrýstingi skilar honum þangað á 5,1 sekúndu. Þrjár stærðir bensínvéla eru einnig í boði.

### Fagur að innan sem utan

Innrétting bílsins er í stíl við annað, sérlega falleg og íburðarmikil. Leðursætin eru afar falleg og framsætin alveg til fyrirmyndar til lengri eða styttri ferða. Stýrið er enn eitt sem hrósa þarf í þessum bíl, sportlegt og fer vel í hendi. Auðvelt er að finna bestu akstursstöðu og minni í sætum tryggir að ekki þarf að leita hennar nema einu sinni. Bíllinn er hlaðinn staðalbúnaði, akstursöryggisbúnaði og munaði um það því hugað er að öllu fyrir farþega. Rými fyrir aftursætisfarþega er gott, bæði fóta- og höfuðrými og vel fer um tvo þar og alls ekki illa um þrjá. BMW 5-línuna má fá í fjórum gerðum, það er hefðbundinn „sedan“-bíll, langbakur, GT-bíll með halaklipptum afturenda og tvinnbíll, þ.e. ActiveHybrid 5. Langbakurinn og GT-bílarnir eru með stærra farangursrými og því enn hentugri ferðabílar. Í BMW 5-línunni eru sameinaðir einstakir akstursseiginleikar og sannkallaður lúxus og hvað vilja sannir bílaáhugamenn meira? Ekki sakar svo að eyðsla þessa bíls er eiginlega ekki í samræmi við stærðina, aflið og íburðinn, eða aðeins 5,1 lítri í blönduðum akstri. Fyrir þetta allt saman þarf að sjálfsögðu að borga, en BMW 525 xDrive kostar 10.190.000 krónur. Helstu samkeppnisbílar hans eru Audi A6 sem kostar 8.480.000 kr. með 177 hestafla dísilvél og 10.300.000 með 204 hestafla dísilvél og Mercedes Benz E-Class með 204 hestafla dísilvél kostar 10.080.000 krónur.



Einkar stílhrein innrétting og smíði og efnisnotkun til fyrirmyndar en tíma tekur að venjast ýmsum stjórntækjum bílsins.



Allir eiga þessir nýju bílar það sammerkt að vera agnarsmáir, en það er einmitt það sem Suzuki er hvað þekktast fyrir.

## Smáir bílar fyrir stóra framtíð

**Suzuki er hvað þekktast fyrir smíði smærri bíla og ætlar greinilega ekki að víkja af leið, enda gengur fyrirtækið ágætlega nú. Í næsta mánuði mun Suzuki sýna eina fjóra hugmyndabíla á bílasýningunni í Tókýó og víst er að þeim er ekki ætlað að slá í gegn í landi hinna stóru bíla í Bandaríkjunum. Bílarnir heita Crosshiker, X-Lander og hinu umdeilanlega nafni Hustler og Hustler Coupé. Crosshiker er smár jepplingur sem vegur aðeins 810 kíló og er með 1,0 lítra þriggja strokka vél. Bíllinn á að höfða til þeirra sem bæði setja umhverfissjónarmið á oddinn og kjósa spennu. X-Lander er byggður á Jimny-bíl Suzuki, en verður tvinnbíll með 1,3 lítra vél og fjórhjóladrifinn. Hann er bæði ætlaður sem lipur borgarbíll en fær um að fara ótroðnar slóðir, enda bíllinn með ágæta veghæð. Hustler og Hustler Coupé eru rúmgóðir strumpastrætóar, rúmgóðir að innan en samt nettir að utan.**




Wilson'S PIZZA
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Stór Pizza
2 áleggstegundir
999
ef þú sækir
PANTAÐU Á NETINU
581 15 15
wilsons.is
Ánanaustum
Gnoðavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi
Brekkuhúsum



**FALLEGT** Birna Katrín stendur hér við eitt rúmið en mikið úrval er í versluninni. MYND/VILHELM

# RB-RÚM Í SJÖTÍU ÁR

**RB-RÚM KYNNIR** *RB-Rúm í Hafnarfirði hóf rekstur árið 1943 og fagnar því sjötíu ára afmæli á þessu ári. Hinn 1. desember verður þeim áfanga fagnað með opnu húsi. Fyrirtækið hefur ávallt verið í fararbroddi við þróun og framleiðslu springdýna.*

Birna Katrín Ragnarsdóttir hjá RB-Rúmum segir að fyrirtækið framleiði mikið af rúmum fyrir hótel- og gistiheimili um allt land auk þess að þjóna einstaklingum. Fyrirtækið hefur alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldu.

„Við erum með allt fyrir svefnherbergið og höfum nýlega tekið inn vönduð Esprit-sængurverasett og handklæði,“ segir Birna. „Við hönnum rúmin frá grunni eftir óskum viðskiptavinarins. Öll rúmin eru sérhönnuð og unnin samkvæmt pöntun. Við bjóðum fimm tegundir af springdýnum og það er hægt að velja fjóra stífleika en fimmta tegundin af dýnum er fyrir stillanleg rúm. Við erum eitt af fáum fyrirtækjum í heiminum sem framleiða sveigjanlega springdýnu. Auk þess bjóðum við rúmgafla, náttborð og rúmfatakistla en hægt er að fá allt í stíl,“ útskýrir Birna.

„Við endurvinnum dýnurnar okkar og mælum með því að fólk láti yfirfara þær eftir tíu til fjórtán ár. Dýnurnar þurfa að vera hreinar og fínar þegar þær koma til okkar aftur og þess vegna ráðleggjum við fólki að nota alltaf yfirdýnu. Þær hlífa dýnunum. Mjög mikið hefur verið um að fólk láti yfirfara dýnurnar undanfarin ár og eiginlega má tala um sprengingu í þeim efnum. Það breyttist mikið eftir hrunið en áður var algengara að fólk keypti nýtt,“ segir Birna.

„Við vinnum talsvert eftir árstíðum því alltaf er mikið að gera fyrir jól og fermingar og hótelin endurnýja gjarnan rúmin á veturna og vorin.“

RB-Rúm hefur alla tíð verið til húsa í Hafnarfirði. Á heimasíðu fyrirtækisins, rbrum.is er hægt að kynna sér vöruúrval og þar er hægt að setja inn pöntun. Þá hefur Facebook-síða fyrirtækisins verið mjög virk. Þar birtast myndir af nýjum vörum og hægt er að fá upplýsingar um verð. „Við erum með fjölbreytt úrval af fallegum rúmteppum, sængurfötum, púðum og handklæðum.“

Birna segir að ávallt sé lögð áhersla á gott verð.

**RB-Rúm er í Dalshrauni 8**

s. 555 0397.

*www.rbrum.is og á facebook.*



**AFMÆLI** RB-Rúm er til húsa í Dalshrauni 8 í rúmgóðu húsnæði. MYND/VILHELM




## BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Land cruiser 120 gx . Árgerð 2005, ekinn 97 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.203038.Simi 570-5220



SUZUKI Swift. Árgerð 2007, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Tilboð 1.200.000 Toyota kletthåls s:5705220 Rnr.202946.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Klétthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Terrano luxury. Árgerð 2003, ekinn 218 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.990410. Tilboð kr: 790.000,-



MERCEDES BENZ E 220 cdi . Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.290.000. Rnr.140346.



KIA Ceed w/g ex 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2011, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.850.000. Rnr.990048. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Leaf rafmagnsbíll Árgerð 2012, ekinn 14þ.km. Sjálfskiptur, hlaðinn aukabúnaði. Er á staðnum. Verð 3.990.000kr. Raðnr 133725. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirtlit á plani**
**http://www.stora.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



ISUZU D max at. 35" breyttur, grill grind, pallhús. Árgerð 2008, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.100473.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100 bílar bílasala .is



SUZUKI Grand Vitara, Árg. 6/2008, ek. 84 Þ.KM, bensín, 5 gírar, loftkæling, hiti í sætum omfl, Flottur bíll, Ásett verð 2.290.000. Rnr.150820. Erum með nokkrar gerðir Vitara á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TOPP EINTAK - TILBOÐSVERÐ 1.890 ÞÚSUND**

Mercedes Benz C230 kompressor, árg. ,05, ek. 86þús Aðeins 3 eigendur. Næsta sk. 2014. Sjálfsk., sumardekk og vetrardekk fylgja. Uppl. í s. 695 9513.




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.



Subaru impreza. árg. ,99. ekinn 136 p.km. 5 gíara. Tilboð í s.6162597.

## 250-499 þús.



**SPARNEYTINN 4X4 JEPPLINGUR**

Daihatsu Terios 4x4 árg.'00 ekinn 171þús km. beinskiptur. skoðaður. ný vetrardekk. ný yfirfarinn á verkstæði. mjög góður í akstri og eyðir litlu. Tilboðsverð aðeins 390þús. stgr. möguleiki á 100% visa/mastercard láni. uppl. í s:659-9696.



**SPARNEYTINN 4X4 JIMNY**

Suzuki Jimny 1.3 árg ,00. ekinn 172þús. beinskiptur. 4x4. hátt og lágt drif. millikassi. nýleg heilsársdekk. samlæsingar. mjög gott viðhald og lýtur mjög vel út. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% visa/ euro láni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**FLOTTUR FORESTER TUBRO**

SUBARU FORSTER 2.0 SXT 4WD TURBO 2003 ek.168 þús,ssk, leður, stór glerlúga, filmur, cruize, 17" álfelgur á heilsársdekkjum, mjög eigulegur og flottur bíll ásett verð 1190 þús TILBOÐ 950 ÞÚS möguleiki á allt að 100% visa/euro s.841 8955.

## Bílar óskast

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**!!! 0-300ÞÚS STAÐGREITT !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 300þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

**TIL SÖLU 4 NAGLADEKK - EINS OG NÝ !**

215/65/r16 Keyrð í 4 mán, út á landi, sér ekki á þeim. Verð 60þús Uppl. í s. 693 3358 eða hlxnur@hotmail.com

## Varahlutir




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Nudd

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Spádómar

**MIÐLA TIL ÞÍN, ÞVÍ SEM ÞEIR SEM FARNIR ERU SEGJA MÉR UM FRAMTÍÐ ÞÍNA.**
Einkatímar.
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Fallegur og vandaður kvenfatnaður. Sími 695-6679 Facebook: Beauty in Black.

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**


BORGIR
FASTEIGNASALA

**Spóahöfði 4 - raðhús**




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00 TIL 18.30**

BORGIR fasteignasala sýna: Flott raðhús ca 175 fm á eftirsóttum stað í Mosfellsbæ. Húsið er að mestu á einni hæð en með stóru baðstofu lofti. Húsið er bjart og fallega innréttað. Mikil lofthæð í stofu og eldhúsi. Verönd að framan og í bakgarði. Þrjú svefnherbergi niðri. Innb. bílskúr.

**Áhugasamir velkomnir milli 18.00 og 18.30 í dag þriðjudag.**
**Sölufólk Borga á staðnum.**

**Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Til leigu lítil einstaklingsíbúð (25fm) í Hlíðunum(105),með húsgögnum. Sérinngangur.Laus.Hentug nemanda. Reyklaus. Uppl. í s. 5537768 e.kl.16:00.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 90-180 fermetra iðnaðarhúsnæði við Suðurhellu í Hafnarfirði. Bílalyfta getur fylgt. Uppl. 8224200

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMI FELLIHÝSI, TJALDVAGNA OG BÍLA**
16 ára reynsla, vönduð umgengni. Uppl. 897 1731.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Lífssýn heldur félagsfund þriðjudagskvöldið 5. nóvember 2013 kl. 20:30, í Bolholti 4, 4. hæð. Fyrirlesari verður Þórarinn Þórarinsson og fjallar um vörður á Íslandi að fornu og nýju. Aðgangseyrir kr. 1000. Allir velkomnir. www.lifssyn.is Stjórnin

## Fasteignir

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta


Ástþór Helgason
Sölufulltrúi


Guðmundur Þórðarson
Hdl. lögg. fasteignasali

### Vallartröð - 200 Kóp.



Fasteignasala Kópavogs kynnir: Sér inngang samtals: 154,4 fm Tvíbýli(íbúð) og bílskúr með fallegum sér garði og verönd við Vallartröð Kópavogur. Forstofan er með dúk á gólfi og fatahengi. Gangur og stofan er með parket á gólfi og úgengt í suðurgarð þar sem góð geymsla er fyrir garðáhöld og fleira til útiverka. 3 góð herbergi og rúmgott baðherbergi. Bílskúrinn er með sér inngang, rafmagn,heit og kalt vatn. Möguleiki að breyta í studioíbúð. **Verð 33,7 m.**

**Ástþór Helgason, sölumaður Fasteigna, Firma & leigumiðlunar**
**Gsm 898-1005 - astor@fastko.is - www.fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta


Ástþór Helgason
Sölufulltrúi


Guðmundur Þórðarson
Hdl. lögg. fasteignasali

### Hagamelur 45




**Opið hús í dag frá 17:30-18:00**

Fasteignasala Kópavogs kynnir: 3ja herbergja endaíbúð með aukaherbergi í kjallara og sér geymslu. Eignin er mjög vel skipulögð og snyrtileg í alla staði. Herbergið sem er í kjallara er mjög rúmgott og er með aðgang að snyrtingu (þar er salerni og vaskur). Tilvalið til útleigu.

**Ástþór Helgason, sölumaður Fasteigna, Firma & leigumiðlunar**
**Gsm 898-1005 - astor@fastko.is - www.fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

# Sérvöruverslun til sölu



**Verslunin starfar eftir sérleyfi við erlenda verslunarkeðju, og notar nafn þeirra á verslunina. Mjög hagstæð innkaup í gegnum verslunarkeðjuna sem tryggir gott verð á öllum vörum. Úrvalið er fjölbreytt og verðin hagstæð.**

**Verslunin er rekin í góðu leiguhúsnæði í verslunarmiðstöð og hefur verið starfandi á Íslandi í nokkur ár. Nafn og vörumerki er þekkt og verslunin hefur stóran hóp traustra viðskipavina.**

**Selst vegna sérstakra aðstæðna á mjög hagstæðu verði. Vart þarf að taka fram að besti sölutíminn er framundan og ekki ólíklegt að hægt sé að ná stórum hluta kaupverðsins strax inn til baka með jólasölunni.**

VIÐSKIPTATORG
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
S: 517 3500

## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Kynningarfundur um Ungt fólk 2013

Mennta- og menningarmálaráðuneytið boðar til kynningarfundar **fimmtudaginn 7. nóvember nk. kl. 14:00 - 16:00 í Nauthóli, Nauthólsvegi 106, 101 Reykjavík**. Þar mun starfsfólk Rannsókna og greiningar þau Hrefna Pálsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Jón Sigfússon kynna helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2013 í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla".

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið, menntamálaráðuneyti.is*

Landsvirkjun

### Útboð nr. 20164
### Kröflustöð – viðgerð á gufuhverfli

**Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í viðgerð á gufuhverfli Kröflustöðvar samkvæmt útboðsgögnum nr. 20164**

Gufuhverflar Kröflustöðvar eru framleiddir af Mitsubishi Heavy Industry. Fyrri vélasamstæðan var gangsett 1978 og sú síðari 1997. Varahverfilhjól stöðvarinnar þarfnast nú viðgerðar.

**Útboðið skiptist í 3 verkhluta og skal bjóða í þá alla.**

**Verkhluti A** felst í ítarlegri úttekt , ráðgjöf og viðgerð á varahverfilhjóli. Viðgerð skiptist í áfanga 1 og 2 og er áfangi 2 valkvæður fyrir Landsvirkjun.

**Verkhluti B** felst í umfangsmikilli viðgerð á hverfilhjóli og er hann valkvæður fyrir Landsvirkjun.

**Verkhluti C** felst í viðgerð á 2 hverfilhjólum til viðbótar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þennan verklið og er hann valkvæður fyrir Landsvirkjun.

**Verkið skal vinna fyrir 20.06.2014**

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, http://utbod.lv.is

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir klukkan **12:00 þriðjudaginn 10. desember 2013** þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**Þriðjudag 5. nóv. 17:30 - 18:00**


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Lyftuhúsi
- Vandaðar innréttingar
- Yfirbyggðar svalir
- Stæði í bílageymslu
- Útsýni

Verð: **32,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Kórstjóri á tímamótum

Kórstjórinn og tónlistarkennarinn Þorgerður Ingólfsdóttir fagnar sjötíu ára afmæli í dag.

Þorgerður Ingólfsdóttir, tónlistarkennari og kórstjóri Hamrahlíðarkórsins, er sjötíu ára í dag. Hún stofnaði Kór Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir 46 árum að hausti og svo síðar Hamrahlíðarkórinn árið 1982.

„Við höfum haldið tónleika víða um heim og upplifað ýmislegt,“ segir Þorgerður um kórana sína, en Hamrahlíðarkórinn hefur lagt ríka áherslu á að kynna íslenska tónlist.

Hún var aðalstjórnandi æskukórsins Raddir Evrópu, sem var viðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000. Kórinn hélt tónleika um alla Evrópu.

„Tónlistin hefur breyst í tímans rás en það hefur alltaf verið virkilega gaman að stýra kórunum,“ segir Þorgerður.

Hún hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir störf sín og list. Þá hlaut hún íslenska fálkaorðuna og konunglegu norsku heiðursorðuna. Þorgerður var útnefnd Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2012. Útnefningin fór fram í Höfða þar sem Jón Gnarr borgarstjóri veitti Þorgerði í því tilefni ágrafinn stein, heiðursskjal og viðurkenningarfé. Þá hlaut hún heiðursverðlaunin á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár.

Þorgerður er nú ásamt Hamrahlíðarkórnum að undirbúa útgáfu á nýjum geisladiski sem inniheldur meðal annars tónverk eftir Huga Guðmundsson, tónskáld og er gefinn út af Smekkleysu. „Það er nóg að gerast hjá mér og kórunum á næstunni og talsvert af tónleikum framundan,“ segir Þorgerður að lokum. - glp



**Á STÓRAFMÆLI Í DAG** Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri og tónlistarkennari er sjötug í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†

Ástkær bróðir okkar,

**KRISTJÁN FRIÐRIK EIRÍKSSON**

sem lést á Sundabúðum, Vopnafirði, 28. október verður jarðsunginn frá Skeggjastaðarkirkju í dag, þriðjudaginn 5. nóvember, kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórhallur Eiríksson og Gunnþór Eiríksson**

---

†



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og stjúpfaðir,

**FRIÐJÓN ÓLI VIGFÚSSON**
**Kristnibraut 4, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans 30. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 6. nóvember klukkan 13.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Unnur Ölversdóttir**
**Pétur Friðjónsson** **Þórhildur Ingadóttir**
**Óli Arnar, Ingi, Helga, Birkir Fjalar og Andri Freyr**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI STEFÁNSSON**
**Suðurgötu 67, Akranesi,**

andaðist á Höfða föstudaginn 1. nóvember.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 14.

**Jóhann Jensson** **Guðlaug Aðalsteinsdóttir**
**Jóna Birna Bjarnadóttir** **Guðmundur Reynir Reynisson**
**Elín Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**MARGRÉT KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Austurvelli, Eyrarbakka,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, laugardaginn 2. nóvember.

**Þórhildur Gísladóttir** **Einar Kjartansson**
**Kristján Gíslason** **Ólöf Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Gísladóttir** **Guðbjörn Ólafsson**
**Margrét Bragadóttir** **Bjarni Jakobsson**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN GUNNAR HANNESSON**
**Laugarnesvegi 65,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 30. október. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar Landspítalans. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildarinnar fyrir einstaklega hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Rósa Óskarsdóttir**
**Elsa Jónsdóttir** **Fjalar Jóhannsson**
**Andrea Fanney Jónsdóttir** **Kjartan Friðrik Ólafsson**
**Eva Rós og Brynja Fjalarsdætur**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINN BENEDIKT GUÐMUNDSSON**
**frá Þverdal í Aðalvík,**

lést á heimili sínu Boðaþingi 24 fimmtudaginn 31. október. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. nóvember kl. 13:00 Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**
**Sjöfn Sóley Sveinsdóttir** **Rögnvaldur Reinhard Andrésson**
**Gerður Sveinsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Smári Sveinsson** **Guðmunda Óskarsdóttir**
**Kristín Linda Sveinsdóttir** **Skjöldur Vatnar Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar elskulega

**AÐALHEIÐUR ÁSA GEORGSDÓTTIR**
**Miðhúsum, Snæfellsnesi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 31. október. Útförin fer fram í Búðakirkju þann 9. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Miðhúsafélagið, reikn. nr. 327-26-612, kt. 600611-0380.

**Sonur, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

†



Elskulegi faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**HELGI BJÖRNSSON**
**áður til heimilis að Ásgarði 5, Garðabæ,**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Alda K. Helgadóttir** **Sigurður Ottósson**
**barnabörn, barnabarnabörn og bróðir.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ANDRÉSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Æsufelli 4,**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 27. október.
Útför hennar fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, miðvikudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**María Henley** **Kristján Ólafsson**
**Valgerður Björk Einarsdóttir**
**Guðný Alda Einarsdóttir**
**Þórdís Heiða Einarsdóttir**
**Sturla Einarsson** **Freyja Valgeirsdóttir**
**Andrés Einar Einarsson** **Halldóra Berglind Brynjarsdóttir**
**Guðrún Björg Einarsdóttir** **Helgi Guðjón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT LARSEN**
**áður til heimilis að Reynimel 76,**

andaðist þann 30. október á Litlu-Grund. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Rita M. Duppler, Ellen Margrét Larsen og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGIMUNDUR ÁRNASON**
**frá Kópaskeri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi föstudaginn 1. nóvember.

**Árni Ingimundarson** **Stefanía Björnsdóttir**
**Gunnlaugur Ingimundarson** **Rakel Guðný Pálsdóttir**
**Ari Ingimundarson** **Hildur Traustadóttir**
**Sigurveig Ingimundardóttir** **Stefán Friðgeirsson**
**Sólrún Ingimundardóttir** **Skúli Arnfinnsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**KATRÍN HJARTARDÓTTIR**
**Laugarnesvegi 87,**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 29. október, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 7. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dropann, styrktarfélag barna með sykursýki. Styrktarreikningur 0544-26-32126, kt. 660296-2049.

**Magnús Þorvaldsson**
**Hjörtur Þorgilsson** **Erla Leósdóttir**
**Helga Katrín Hjartardóttir** **Hlynur Pálsson**
**Magnús Rúnar Hjartarson**

---








ACADEMY AWARD® NOMINEE
HUGH
JACKMAN
ACADEMY AWARD® NOMINEE
JAKE
GYLLENHAAL
ACADEMY AWARD® NOMINEE
VIOLA
DAVIS
GOLDEN GLOBE® NOMINEE
MARIA
BELLO
ACADEMY AWARD® NOMINEE
TERRENCE
HOWARD
WITH
ACADEMY AWARD® WINNER
MELISSA
LEO
AND
PAUL
DANO
MAGNAÐUR
ÞRILLER
PRISONERS
Klárlega ein besta
mynd ársins!
★★★★★
The Hollywood Reporter
★★★★★
Entertainment Weekly
★★★★★
Jobio.com
100/100
Variety
100/100
Los Angeles Times
KOMIN Í BÍÓ



KL. 21:15 BONES

Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðingur, heldur áfram að veita ráðgjöf í allra flóknustu morðmálum.

**Skemmtilegt þriðjudagskvöld**

KL. 20:05 MIKE & MOLLY

Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.




KL. 20:50 HOW I MET YOUR MOTHER

Ted heldur áfram að segja söguna af því hvernig hann kynntist barnsmóður sinni.



KL. 22:00 EPISODES

Matt LeBlanc úr Friends leikur ýkta útgáfu af sjálfum sér í nýjum gamanþætti.



KL. 19:00 GEIM STRÁKURINN

Skemmtileg teiknimynd sem á að gerast í framtíðinni og segir frá manni sem smíðar strák með ótrúlega krafta.



KL. 20:25 PRETTY LITTLE LIARS

Fjórar vinkonur þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



KL. 21:10 NIKITA

Ung kona sem hlaut þjálfun hjá leynilegri stofnun á vegum stjórnvalda segir henni stríð á hendur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 9 | | | |
| 6 | | | | 8 | | 9 | 3 | |
| | | 4 | | | | | 5 | 7 |
| | | | 6 | 5 | | | 7 | |
| 9 | 2 | | 7 | | | 1 | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | 2 | |
| 4 | | | | | | | | 8 |
| | 5 | | | 1 | 4 | | | 2 |
| | 8 | | 5 | | | | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 7 | 5 | | 4 | 8 | |
| 4 | 5 | | | 3 | 8 | | 1 | 9 |
| | | | | | | 5 | | |
| | 2 | | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | |
| | | 4 | 3 | | | 7 | | |
| | | 6 | | | | | | 4 |
| 1 | 9 | | 2 | | | 3 | | 8 |
| | | | | 8 | 9 | | | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | | | | 9 | 7 | |
| | | | | | | | 4 | |
| 9 | | | 2 | | | 3 | | 6 |
| | | | | 5 | | | | 7 |
| 1 | | 8 | | 7 | | | | |
| 4 | | 2 | | 8 | | | | |
| | | | | | 6 | 8 | 3 | 1 |
| | 6 | | | 2 | | | | |
| | | 9 | 1 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | 3 | 5 | 2 |
| | | | 3 | | | | 8 | |
| 9 | | 5 | | | | 6 | | |
| 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | | | 6 |
| | | 1 | 2 | | | | 7 | |
| | | | | 2 | 6 | 9 | | |
| | | 4 | | 1 | 7 | 5 | | |
| 6 | 7 | 9 | 5 | | | 2 | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | | 7 | 4 | | |
| | 3 | | | | | | | |
| | 1 | | 2 | | 6 | | | |
| | 6 | | 1 | | 2 | | 8 | |
| 5 | 7 | | | 6 | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | 3 | | 7 |
| 9 | | | | | | 1 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | 5 | 7 | 9 | | | 8 | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 4 | 7 | | |
| 1 | 4 | 6 | 9 | | | | 3 | |
| | 7 | | | | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | | 4 | 5 | | 7 | |
| | 5 | 1 | | | | | | |
| | | | | | 8 | | | 9 |
| | | 7 | | | 1 | | 9 | 3 |
| | 2 | | | | | 8 | | 1 |
| | | 4 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Mynd segir meira en þúsund orð."**

*Napóleon Bónaparte.*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** í röð, **8.** hamfletta, **9.** fóstra, **11.** mjöður, **12.** kústun, **14.** eyðimörk, **16.** drykkur, **17.** niður, **18.** óhreinka, **20.** ónefndur, **21.** án.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þus, **3.** frá, **4.** samsetning, **5.** eldur, **7.** snyrting, **10.** stæla, **13.** þangað til, **15.** dugnaður, **16.** efni, **19.** samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** jk, **8.** flá, **9.** ala, **11.** öl, **12.** sópun, **14.** sandi, **16.** te, **17.** suð, **18.** ata, **20.** nn, **21.** utan.
**LÓÐRÉTT: 1.** fjas, **3.** af, **4.** blöndun, **5.** bál, **7.** klósett, **10.** apa, **13.** uns, **15.** iðni, **16.** tau, **19.** aa.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Gunnar Freyr Rúnarsson (2074), Víkingaklúbbnum (b-sveit) hafði hvítt gegn Stefáni Arnalds (2012), Taflfélagi Bolungarvíkur (b-sveit) á Íslandsmóti skákfélaga**



18. Hxf6+! gxf6 19. Dxf6+ Kg8 20. Bh7+! Laglegur lokahnykkur. Svartur gafst upp enda óverjandi mát. Það styttist óðfluga í heimsmeistaraeinvígi Anands og Carlsens sem hefst á laugardaginn.
**www.skak.is.** Teflt hjá Skákdeild Breiðabliks í kvöld.



KITCHENAID BLANDARI
Þú sparar 5.000
VERÐ ÁÐUR 42.990
TILBOÐSVERÐ 37.990
ÞÚ SPARAR 5.000
# KIT-5KSB5553EWH
AEG PRESSA
20%
VERÐ ÁÐUR 19.999
TILBOÐSVERÐ 15.999
ÞÚ SPARAR 4.000
# 65005209
SEVERIN STÁL
23%
VERÐ ÁÐUR 6.495
TILBOÐSVERÐ 4.999
ÞÚ SPARAR 1.496
# SEV-AT2514
FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSOVÉL
VEGLEGUR KAUPAUKI
Þú sparar 7.000
20%
VERÐ ÁÐUR 36.900
TILBOÐSVERÐ 29.900
ÞÚ SPARAR 7.000
ÍTÖLSK GÆÐI
# 45341160
AÐEINS Í NOKKRA DAGA
ÖLL HEIMILISTÆKI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
iPRO 2000W
35%
VERÐ ÁÐUR 10.999
TILBOÐSVERÐ 7.149
ÞÚ SPARAR 3.850
# 67024724
TRISTAR EKTA BELGÍSKAR
40%
VERÐ ÁÐUR 9.999
TILBOÐSVERÐ 5.999
ÞÚ SPARAR 4.000
# 65002141
TRISTAR BLANDARI
500W • MYLUR KLAKA
30%
VERÐ ÁÐUR 9.990
TILBOÐSVERÐ 6.990
ÞÚ SPARAR 3.000
# TRI-BL4430
SEVERIN POPPVÉL
20%
VERÐ ÁÐUR 5.995
TILBOÐSVERÐ 4.796
ÞÚ SPARAR 1.199
# SEV-PC3751
SKAFTRYKSUGA ERGORAPIDO
20%
VERÐ ÁÐUR 24.900
TILBOÐSVERÐ 19.900
ÞÚ SPARAR 5.000
# 65005870
SODASTREAM JET
20%
VERÐ ÁÐUR 13.990
TILBOÐSVERÐ 11.192
ÞÚ SPARAR 2.798
# 94990000
KitchenAid
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT
20%
HRÆRIVÉL HVÍT + ÁHALDASETT
VERÐ ÁÐUR 99.980
TILBOÐSVERÐ 79.990
ÞÚ SPARAR 19.990
# 69001001
HRÆRIVÉL LITUÐ + ÁHALDASETT
VERÐ ÁÐUR 102.980
TILBOÐSVERÐ 82.990
ÞÚ SPARAR 19.990
# 69001003
GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita
20%
FAMILY
VERÐ ÁÐUR 16.995
TILBOÐSVERÐ 13.596
ÞÚ SPARAR 3.399
# RUS-1887056
COMPACT
VERÐ ÁÐUR 11.995
TILBOÐSVERÐ 9.596
ÞÚ SPARAR 2.399
# RUS-1885056
# TRI-PM4005
TRISTAR SALT&PIPAR KVÖRN
20%
• TVEIR Í PAKKA
VERÐ ÁÐUR 5.990
TILBOÐSVERÐ 4.792
ÞÚ SPARAR 1.198
iROBOT 620 RYKSUGUVÉLMENNI
Þú sparar 6.000
VERÐ ÁÐUR 59.995
TILBOÐSVERÐ 53.995
# IRO-620
SÆNSKT NUDD
NUDDSESSA
20%
VERÐ ÁÐUR 22.980
TILBOÐSVERÐ 18.384
ÞÚ SPARAR 4.596
# 58120215
SEVERIN KAFFIVÉL
SÝÐUR VATNIÐ
VERÐ ÁÐUR 17.999
TILBOÐSVERÐ 14.999
ÞÚ SPARAR 3.000
# SEV-KA5700
KENWOOD MATVINNSLUVÉL
VERÐ ÁÐUR 12.999
TILBOÐSVERÐ 10.999
ÞÚ SPARAR 2.000
# KEN-FPP210
ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN
ALLT Á 2.990
40%
25%
25%
40%
25%
25%
SERÍUR
KAUPTU TVÆR OG FÁÐU ÞÁ ÓDÝRARI Á 50%
TRISTAR BAÐVOG
50%
VERÐ ÁÐUR 4.990
TILBOÐSVERÐ 2.495
ÞÚ SPARAR 2.495
# 43902421
BAB SLÉTTUJÁRN
50%
VERÐ ÁÐUR 7.999
TILBOÐSVERÐ 4.000
ÞÚ SPARAR 4.000
# BAB-ST225E
TRISTAR TÖFRASPROTI + SAXARI OG ÞEYTARI
VERÐ ÁÐUR 9.999
TILBOÐSVERÐ 7.999
ÞÚ SPARAR 2.000
# TRI-MX4157



**GESTGJAFINN** „Fannst að mér bæri að leggja eitthvað verulegt af mörkum,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir.

# Hafnir, katlar, dísir og menn á Vökudögum

## Höfundarveisla verður í Bókasafni Akraness í kvöld þar sem Sigurbjörg Þrastardóttir er gestgjafi.

„Ég var beðin um að lesa upp á menningarhátíðinni Vökudögum sem stendur yfir þessa viku með ótal spennandi viðburðum og ákvað að lokka fleiri rithöfunda með mér. Mér fannst að úr því að ég ber titilinn bæjarlistamaður Akraness þetta ár bæri mér að leggja eitthvað verulegt af mörkum,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir glaðlega. Hún verður gestgjafi í höfundarveislu í bókasafni Akraness sem hún nefnir Hafnir, katlar, dísir, menn og vísar þar í titla og efni bókanna sem kynntar verða því Jón Kalman les úr skáldsögunni Fiskarnir hafa enga fætur, Eiríkur Guðmundsson les úr skáldsögunni 1983, Þorsteinn frá Hamri úr ljóðabókinni Skessukatlar og Vigdís úr skáldævisögunni Dísusaga – konan með gulu töskuna.

Sigurbjörg segir Bókasafnið á Akranesi vera staðsett í hjarta nýja miðbæjarins í nýlegu húsi. „Það er ekki alltaf sem tekst að skapa hlýlegan blæ í nýjum húsum en það hefur tekist þarna,“ segir hún og bætir við að heitt verði á könnunni í kvöld.

- gun

# Ólíkir óperusmiðir

## Tveggja alda afmælis óperuskáldanna Verdis og Wagners verður minnst fimmtudagskvöldið 7. nóvember í Norðurljósasal Hörpu með veglegum tónleikum.

Óperusöngvararnir Helga Rós Indriðadóttir, Bjarni Thor Kristinsson og Gunnar Guðbjörnsson minnast tónskáldanna Giuseppe Verdi og Richards Wagners nú á fimmtudagskvöldið með tónleikum í Hörpu, ásamt píanóleikurunum Guðrúnu Dalíu Salómonsdóttur og Hrönn Þráinsdóttur. Atriði úr óperunum Valkyrjunum, Meistarasöngvurunum og Tannhäuser eftir Wagner verða flutt fyrir hlé og aríur úr Valdi örlaganna, Óþelló og Macbeth og fleiri óperum Verdis eftir hlé. Tilefni tónleikanna er að 200 ár eru liðin frá fæðingu þessara tveggja tónskálda sem talin eru hafa haft mest áhrif á óperulistformið á nítjándu öld.

„Efnisskrá tónleikanna verður þverskurður af því sem þessir merkismenn, Wagner og Verdi, gerðu. Það er gaman að stilla þeim upp saman og átta sig á hvað þeir hafa ólíkar áherslur þótt þeir séu samtímamenn. Þar geislar í gegn þetta ítalska örlyndi og svo aftur þýski skólinn sem er allt öðru vísi,“ segir Gunnar Guðbjörnsson tenór, sem ásamt Bjarna Thor Kristinssyni bassasöngvara er upphafsmaður og skipuleggjandi tónleikanna.



**FLYTJENDURNIR** Bjarni Thor, Hrönn, Guðrún Dalía, Helga Rós og Gunnar Guðbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við erum með nokkrar aríur sem eru mjög vel þekktar og aðrar sem eru aðeins meira krefjandi fyrir hlustandann,“ segir Gunnar og hlakkar greinilega mikið til að túlka tónlist þessara jöfra.

gun@frettabladid

**„Þar geislar í gegn þetta ítalska örlyndi og svo aftur þýski skólinn sem er allt öðru vísi.**

# Móðurást til sölu

LEIKLIST ★★★★☆

**Lab Loki sýnir Stóru börnin**
Í Tjarnarbíói

**HÖFUNDUR: LILJA SIGURÐARDÓTTIR**
**LEIKSTJÓRI: RÚNAR GUÐBRANDSSON**

Stóru börnin eru fullorðnir einstaklingar haldnir allsérstæðri sálrænni og líkamlegri þörf: að verða aftur eins og barn, jafnvel ungbarn. Þeir þurfa því að finna sér mótaðila sem er tilbúinn að ganga í hlutverk foreldrisins og sinna öllum þörfum „barnsins“. Mér skilst að fólk með slíkar áráttuhneigðir hafi jafnvel með sér opinber samtök sums staðar, þó ekki séum við komin svo langt í frjálslyndinu hér á klakanum. Annars skal ég játa að ég er ekki mjög heima í þessum efnum.

Nú er verið að sýna nýtt íslenskt leikrit um þennan veruleika í Tjarnarbíói. Höfundur er Lilja Sigurðardóttir og mun þetta frumraun hennar sem leikskáld. Af framansögðu leiðir að ég get lítt dæmt um það hversu trú raunveruleikanum mynd verksins er. Hitt get ég fullyrt að Stóru börnin er að mörgu leyti prýðisvel gert verk; já, ég hygg að betur skrifað og veigameira byrjendaverk hafi ekki komið fram á sviði hér síðan Björn Hlynur sendi frá sér Dubbeldusch. Samtölin skortir að vísu stundum persónulegan blæ, eru svolítið eins og eftir bókinni, en þegar jafn góðir leikarar og hér standa á sviði taka sér orðin í munn, kemur það vart að sök. Leikurinn þrælheldur okkur við efnið frá upphafi til enda; það slaknar ef til vill eilítið á spennu þegar líða tekur á fyrri hlutann, en strax eftir hlé rís dramað á ný uns það nær hápunkti sem er jafnframt lokapunktur og hvort tveggja í senn: óvæntur og trúverðugur. Það er alltaf gaman þegar höfundar kunna svo vel að nýta lögmál formsins: af þekkingu, næmleik og hugkvæmni. Og hafa um leið eitthvað að segja sem máli skiptir.



Rúnar Guðbrandsson hefur löngu sýnt og sannað að hann er einn af bestu leikstjórum okkar og alveg óskiljanlegt að stóru leikhúsin skuli ekki fela honum nein verkefni. Leikur hans og félaga í Lab Loka um Geirfinnsmálið, sem var sýndur í gamla Hæstaréttarsalnum á liðnu vori, var ein áhugaverðasta sýning síðasta leikárs, eins þótt sumir blaðadómarar fussuðu og hún teldist víst ekki heldur Grímutæk. Rúnar hefur í staðinn náð að skapa sér eigin vettvang utan leikhúsanna, hann vinnur gjarnan með sama fólkinu og það skilar sér hér með glæsibrag. Ég hef aldrei séð Birnu Hafstein leika betur og sömu sögu er að segja um Stefán Hall sem hefur trúlega liðið fyrir að vera lengi settur í helst til keimlík hlutverk. Árni Pétur stóð að vanda fyrir sínu – naut þess bersýnilega mjög að fá að hlaupa um með bleyju á bossa og snuð í munni – og þá var einstaklega ánægjulegt að sjá Lilju Guðrúnu fá loksins að takast á við alvöru hlutverk. Frammistaða þeirra fjögurra er einn besti hópleikur, ensembleleikur, sem hér hefur sést langa lengi. Umgerðin öll, svið, búningar, leikhljóð og tónlist, seiddi fram hugblæ vöggustofunnar, yddaði og ýkti hið fáránlega, að maður ekki segi hið súrrealistíska, við hugarheim fólksins, en gerði það hófstillt og smekklega.

Það gleðilegasta við þessa sýningu er þó sú staðreynd að hér er kominn fram höfundur sem ástæða er til að binda góðar vonir við í framtíðinni. Við bíðum spennt eftir því sem Lilja Sigurðardóttir sendir frá sér næst.

Jón Viðar Jónsson

**NIÐURSTAÐA:** Vönduð sýning og einkar athyglisverð frumraun ungs höfundar.

# Rauðkuflar, særingamenn og djöflar

BÆKUR ★★★☆☆

**Kallið**

**ELÍ FREYSSON**

Kallið er þriðja bókin í bókaflokki Elís Freyssonar um Þögla stríðið. Hinar fyrri eru Meistari hinna blindu og Ógnarmáni. Þótt sögusviðið sé hið sama í öllum bókunum er hver þeirra sjálfstætt verk með nýjum aðalpersónum og í Kallinu kynnumst við unglingsstúlkunni Kötju, sem eftir að hafa drepið óargadýr í þorpinu sínu kemst að því að hún hefur sérstaka hæfileika og hefur hlutverki að gegna við að koma heiminum aftur á réttan kjöl.




Eins og títt er í hetjusögum fær Katja sérstakan leiðbeinanda, Serdru, og fyrsti hluti bókarinnar fjallar um samskipti þeirra, þjálfun Kötju og undirbúninginn undir átökin við hin illu öfl sem svífast einskis til að ná yfirráðum í landinu. Lýsingarnar á samskiptum þeirra eru vel unnar og skemmtilegar aflestrar, báðar persónurnar skýrar og vel dregnar og sérlega skemmtilegt að sjá kvenkynshetjur í hlutverki bæði lærlings og leiðbeinanda.

Síðari hluti bókarinnar fjallar svo um hvernig þeim stöllum, með aðstoð annarra Rauðkufla, tekst það ætlunarverk sitt að bægja hættunni frá. Þar er mikið um grafískar bardagalýsingar og ekkert vantar upp á aksjónina. Í gegnum allt havaríið heldur Katja þó sínum séreinkennum og er skemmtilega ólík þeim hetjum sem algengastar eru í slíkum aksjónbókmenntum.

Elí hefur fullt vald á þessum heimi sem hann hefur skapað, frásögnin flýtur vel og hann byggir upp spennuna jafnt og þétt. Sjónarhornið er mestan part hjá Kötju en einnig eru kaflar þar sem foringi illu aflanna, Bræðralagsins, er í forgrunni þannig að lesandinn fær að kynnast hans karakter og fyrirætlunum ágætlega. Þeir kaflar eru þó helsti veikleiki bókarinnar, illmennin eru ansi einhliða og ill í gegn, en þannig á það sjálfsagt að vera í heimi fantasíunnar.

Fantasíubókmenntir hafa verið að hasla sér völl hérlendis á undanförnum árum og eru bækur Elísar ekki veigaminnsta framlagið í þá bókmenntagrein. Heimur hans er þaulunninn og með hverri bók skýrist myndin af þessari veröld sem hann hefur skapað. Persónurnar eru þó ávallt í forgrunni og það sem gerir bækurnar eins skemmtilegar aflestrar og raun ber vitni er persónusköpunin. Kallið er þar engin undantekning og jafnvel fyrir manneskju sem hefur takmarkaðan áhuga á fantasíum er Kallið skemmtileg og spennandi lesning sem opnar nýja heima fyrir lesandanum.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Hressileg og fimlega skrifuð fantasía með sérlega skemmtilegri hetju.



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

FAUST
Leikstjóri: Aleksandr Sokurov
Sögnin um Faust er um manninn sem seldi djöflinum sálu sína fyrir þekkingu en samdi við hann um tiltekinn frest fram að skuldaskilum. Faustmynd Sokurovs var að hluta til tekin upp á Íslandi árið 2011 og lék **Sigurður Skúlason** í henni. Á undan þriðjudagssýningunni segir Sigurður frá þátttöku sinni myndinni og kynnum sínum af Sokurov, eins helsta kvikmyndaleikstjóra Rússa í dag.


50% AFSLÁTTUR
Jólatilboð á arineldstæðum
20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM
Sérfræðingar í heilsurúmum
12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*
* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.
Að vakna endurnærð/ur eftir góðan svefn er ein besta stund dagsins
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGU-GREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

LAUGARÁS BÍÓ




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| FURÐUFUGLAR | 6 3D | L |
| CAPTAIN PHILLIPS | 6, 9 | 14 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 - 10:10 | 16 |
| RUSH | KL. 6 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 11 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 - 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| DISCONNECT | KL. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




| SMÁRABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| THOR 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 2 LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 3.20 | L |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |
| FRANCES HA | KL. 6 | L |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| PHILOMENA | KL. 8 - 10 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 | 16 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |


# Stjórnmálamaður hefði varla haft vit á að hætta

**BAKÞANKAR**
Ólafar Skaftadóttur



**É**g hélt strax með Jóni Gnarr og hans liði. Besta flokkinn skipaði margt vel menntað fólk, sem tók sig ekki of alvarlega og hafði unnið sigra í lífinu, ólíkt flokkshestum sumra annarra framboða. Það eina sem sætti furðu var að besta liðið vildi fara í pólitík yfirhöfuð.

**JÓN** Gnarr staðfesti það sem mig hafði grunað að vinnuumhverfi stjórnmálamanna er gróðrarstía eineltis og persónuárása; ekki ólíkt skólalóðum unglingaskóla, þar sem illa uppdregnir krakkar gera hver öðrum lífið leitt, fullkomlega að óþörfu. Sem betur fer lætur unglingurinn af þessari hegðun þegar hann verður að manni – nema hann verði að stjórnmálamanni.

**JÓN** Gnarr varð aldrei stjórnmálamaður. Borgarstjóri Reykjavíkur vakti athygli um allan heim með nýstárlegum aðferðum við að tjá sig. Hann gerði stjórnmál að listaverki. Á sinn græskulausa hátt bylti hann hefðbundnum rökræðum stjórnmálamanna, án þess að segja orð. Til dæmis með því að nýta búningatækni leikarans. Hann klæddist fallegum kjól í gleðigöngu, Obi Wan Kenobi-búningi þegar svo bar undir og bleikum jakkafötum á tyllidögum. Þannig tjáði hann sig skýrar um æskilegan fjölbreytileika mannlífsins en nokkur stjórnmálamaður hafði áður gert í hefðbundinni ræðu.

**ÉG** mun sakna Jóns Gnarr. Hins vegar virði ég hann fyrir að kasta frá sér valdasprotanum af fúsum og frjálsum vilja, enda varð hann aldrei stjórnmálamaður. Völdin spilltu honum ekki. Fylgismælingar staðfesta að við borgarbúar hefðum endurráðið hann. En erindi Jóns var að sýna fram á að hægt er að breyta. Það tókst. Við þurfum ekki stjórnmálamenn sem flokksvélarnar hafa sett á stall og útmálað sem ofurmenni. Við þurfum ekki ofurmenni til að stjórna bænum – enda ofurmenni fágæt tegund, stundum hættuleg.

**KANNSKI** höfum við fengið nóg af flokkum sem krakkar ganga í upp úr fermingu til að læra þessi „trix lýðræðisins“. Ætti kannski að uppræta unglingahreyfingar stjórnmálaflokka þar sem fólki er kennt að fara með innihaldslausa frasa, verja vonlausan málstað og hnýta í náungann? Það virðist alla vega ekki best lengur.

**ÉG** vil þakka þér fyrir að gera stjórnmál bærilegri, Jón Gnarr. Ég vona að spor þín séu varanleg.

ICELAND AIRWAVES '13 SUNNUDAG 3. NÓVEMBER

# Margmiðlunarveisla í Eldborg

TÓNLIST ★★★★★

**Kraftwerk**
Iceland Airwaves-hátíðin
**ELDBORG HARPA**

Eftirvæntingin var mikil fyrir tónleika þýsku raftónlistarsveitarinnar Kraftwerk í Eldborgarsal Hörpu.

Þessi fræga hljómsveit kom síðast hingað til lands árið 2004 og spilaði í Kaplakrika á fínum tónleikum en þessir voru miklu flottari. Þar skipti sköpum þrívíddartæknin sem notast var við sem var hreint út sagt frábær, auk þess sem salurinn var mun glæsilegri, með fullri virðingu fyrir Kaplakrika.

Meðlimir Kraftwerk stóðu fjórir við hljómborðin sín og hljóðgervlana fremst á sviðinu í göllum sem skiptu litum en á bak við þá var risatjald og þaðan var varpað þrívíddarmyndböndum sem fylgdu hverju einasta lagi tónleikanna. Þessi mikla margmiðlunarveisla, sem tónleikarnir voru, hófust með laginu The Robots og eftir fylgdi hver slagarinn á fætur öðrum, þar á meðal The Model, Radioactivity, Autobahn og Computerworld. Hvergi var feilnóta slegin.

Að loknu síðasta lagi fyrir uppklapp, gengu þeir félagar af sviðinu einn af öðrum og hneigðu sig fyrir áhorfendum eins og sönnum herramönnum sæmir. Eftir uppklappið tóku svo við tvö lög. Þá voru þeir reyndar búnir að spila sín frægustu lög en það skipti ekki höfuðmáli.

Eftir tónleikana gat maður ekki annað en fest kaup á einu stykki af Kraftwerk-stuttermabol, enda tónleikar sem verða lengi í minnum hafðir, sér í lagi fyrir hið sjónræna gildi.

**Freyr Bjarnason**




**KRAFTWERK** Hljómsveitin Kraftwerk spilaði í Eldborgarsalnum á sunnudagskvöld. MYND/ALEXANDER MATUKHNO

**NIÐURSTAÐA:** Sannkölluð veisla fyrir augu og eyru í Eldborgarsalnum.

# Huggulegur hljóðheimur

TÓNLIST ★★★☆☆

**MIDLAKE**
Iceland Airwaves-hátíðin
**HARPA-SILFURBERG**

Bandaríska hljómsveitin Midlake spilaði undir hjá Íslandsvininum John Grant á fyrstu sólóplötu hans Queen of Denmark og var mætt á Airwaves vegna þess kunningsskapar. Hún þakkaði einmitt Grant í lok tónleikanna fyrir að hafa lokkað sig á hátíðina.

Midlake er frá borginni Denton í Texas og spilar eins konar þjóðlagapopp í ætt við Fleet Foxes og Band Of Horses, nema hvað að þær sveitir standa henni báðar framar.

Sex manns voru á sviðinu og spiluðu þrír þeirra á gítar, þar á meðal fúlskeggjaður söngvarinn. Þrír hljóðfæraleikaranna rödduðu með honum lögin með reglulegu millibili. Góður hljóðfæraleikurinn, sem oft náði fínu flugi, í bland við raddirnar myndaði huggulegan hljóðheim, sem náði samt ekki að heilla mann upp úr skónum. Melódíurnar voru ágætar en ekki alveg nógu grípandi.

**Freyr Bjarnason**



**MIDLAKE** Hljómsveitin Midlake er frá Denton í Texas. NORDICPHOTOS/GETTY

**NIÐURSTAÐA:** Félagar Johns Grant bjuggu til huggulegan hljóðheim.

# Sálarró hjá Ásgeiri

TÓNLIST ★★★★☆

**Ásgeir**
Iceland Airwaves-hátíðin
**SILFURBERG HÖRPU**

Ásgeir steig á svið í Hörpu á laugardag og var þétt staðið í Silfurbergi. Þótt von sé á endurútgáfu hinnar frábæru plötu Dýrð í dauðaþögn á næsta ári á ensku kaus Ásgeir að syngja á íslensku fyrir þá fjölmörgu Íslendinga sem fjölmenntu á tónleikanna.

Hæfileikar Ásgeirs eru ótvíræðir og frammistaða hans í Hörpu var eftir því. Söngur hans frábær að vanda og flutningur hljómsveitarinnar fumlaus. Ásgeir lék einnig ný lög á tónleikunum, m.a. lagið Lupin Intrigue sem kom út á smáskífu kappans í sumar. Fallegt lag í anda þeirra sem komu út á fyrstu plötu kappans. Tónleikarnir voru sem sálræn afslöppun. Fallegar melódíur og söngur Ásgeirs leið um salinn og sálarró færðist yfir undirritaðan í nokkrum lögum. Sem fyrr var Ásgeir fámáll á milli laga. Það er það eina sem hægt er að setja út á tónleikana sem að öllu öðru leyti voru fyrsta flokks.

**Jón Júlíus Karlsson**

**NIÐURSTAÐA:** Frábærir tónleikar þar sem tónlistin var í aðalhlutverki.


ÍSLANDS BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


EYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREY
AFSLÁTTUR 50.000 KRÓNUR!
BOSTON borðstofuborð AÐEINS Kr. 59.990 Ef keypt með 6 stólum að eigin vali.
BOSTON
Borðstofuborð, brúnt.
Með tveimur 50 cm. stækkunum.
Stærð: 160 x 90 cm.
TILBOÐSVERÐ: 69.990 KR.
Fullt verð 119.990
BORÐSTOFUSTÓLADAGAR
20-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BORÐSTOFUSTÓLUM*
FULL BÚÐ AF NÝJUM OG FALLEGUM BORÐSTOFUSTÓLUM
AFSLÁTTUR 1.600 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 2.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 3.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 4.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!
MARCUS Margir litir. Krómfætur. TILBOÐSVERÐ: 6.390 KR. Fullt verð 7.990
PIANA Ljós-grátt áklæði. TILBOÐSVERÐ: 7.990 KR. Fullt verð 9.990
ILJANA PU-svart. Svart lakkaðir viðarfætur. TILBOÐSVERÐ: 9.900 KR. Fullt verð 15.990
KITOS PU-svart og hvítt. Krómfætur. TILBOÐSVERÐ: 10.990 KR. Fullt verð 13.990
ASAMA PU-svart og hvítt. Krómfætur. TILBOÐSVERÐ: 11.990 KR. Fullt verð 15.990
ANDREW Svart, hvítt og brúnt leður. TILBOÐSVERÐ: 13.990 KR. Fullt verð 19.990
AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 12.000 KRÓNUR!
AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!
MANTONI PU-grátt. Viðarfætur. TILBOÐSVERÐ: 9.990 KR. Fullt verð 15.990
BAMB Svart birki. Flettuð seta. TILBOÐSVERÐ: 19.990 KR. Fullt verð 25.990
ENIGMA PU-svart og svartlökkuð viðargrind. TILBOÐSVERÐ: 17.990 KR. Fullt verð 29.990
TANGO Ljósgrátt áklæði. Viðarfætur. TILBOÐSVERÐ: 23.990 KR. Fullt verð 29.990
VERTU MEÐ OKKUR Á facebook
KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á
HUSGAGNAHOLLIN.IS
HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –
* TILBOÐIN FRAMLENGD TIL SUNNUDAGSINS 10. NÓVEMBER EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

## Heracles með tilboð í Hólmbert

**FÓTBOLTI** Hinn ungi og efnilegi framherji Framara, Hólmbert Aron Friðjónsson, gæti verið á leið í atvinnumennsku.

Fram kemur á vefsíðunni fótbolti.net að hollenska félagið Heracles hafi gert Frömurum tilboð í Hólmbert.

Þetta félag er í hollensku úrvalsdeildinni og er rétt fyrir ofan liðin sem eru í fallsætum.

Hólmbert fór til félagsins til reynslu um daginn ásamt Viðari Erni Kjartanssyni, framherja Fylkis.



Stráknum hefur greinilega tekist að heilla forráðamenn félagsins fyrst þeir eru búnir að senda tilboð í hann.

Hólmbert átti flotta spretti með Fram í sumar, var lengi vel markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar og endaði sumarið með því að skora tíu mörk í deildinni. **- hbg**

## Atli ráðinn þjálfari hjá Aftureldingu

**FÓTBOLTI** Atli Eðvaldsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, er ekki af baki dottinn í þjálfuninni þó svo honum gangi illa að fá vinnu hjá bestu félögum landsins.

Atli stýrði liði Reynis frá Sandgerði í 2. deildinni síðasta sumar og hann verður áfram í þeirri deild næsta sumar en á nýjum stað.

Atli skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Aftureldingu. Mosfellingar hafa verið nálægt því að komast upp í 1. deild síðustu ár en ekki haft erindi sem erfiði. Liðið var mjög nálægt því að fara upp síðasta sumar. Atli, sem tekur við starfinu af Enes Cogic, fær það hlutverk að koma liðinu upp á næsta stall en herslumuninn hefur vantað. Honum til aðstoðar verður Úlfar Arnar Jökulsson.

Landsliðsfyrirliðinn fyrrverandi er gríðarlega reynslumikill. Hann gerði KR meðal annars að Íslandsmeisturum árið 1999 eftir mikla eyðimerkurgöngu Vesturbæinga.

Atli hefur einnig þjálfað HK, ÍBV, Fylki, Þrótt og Val hér heima. Hann er með UEFA Pro License-þjálfaragráðu frá íþróttaháskólanum í Köln. **- hbg**



**ATLI EÐVALDSSON.**




FÍTON / SÍA

# Dramatík á Ítalíu

Gamla konan berst fyrir lífi sínu í Meistaradeildinni og sigur er það eina sem kemur til greina gegn stjörnumprýddu liði Real. Það þýðir ekkert fyrir Juventus að pakka í vörn, þeir einfaldlega verða að sækja og skora sem getur líka reynst hættulegt.

**Það stefnir því í frábæran leik í kvöld.**

## Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| Upphitun | 2 SPORT | 19:00 |
| Juventus–Real Madrid | 2 SPORT | 19:30 |
| Real Sociedad–Man. Utd. | 2 SPORT 3 | 19:30 |
| FC Kaupmannahöfn–Galatasaray | 2 SPORT 4 | 19:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 21:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
*besta sætið*



**PASSAR BOLTANN** Rúrik leggst yfir boltann með Cristiano Ronaldo á bakinu á dögunum. Króatinn Luka Modric fylgist spenntur með. NORDICPHOTOS/AFP

# Sagt að halda ró sinni

Rúrik Gíslason og félagar í FC Kaupmannahöfn mæta Galatasaray í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Um úrslitaleik er að ræða fyrir þá hvítklæddu.

**FÓTBOLTI** „Við verðum að vinna til að eiga möguleika á að komast upp úr riðlinum," segir landsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason. FC Kaupmannahöfn tekur á móti Galatasaray á Parken í kvöld í fjórðu umferð riðlakeppninnar. FCK hefur eitt stig eftir þrjá leiki og með tapi hreiðra þeir hvítklæddu vel um sig í botnsæti riðilsins.

„Þjálfarinn hefur lýst því þannig að við eigum að líta á Meistaradeildina sem algjöran bónus. Við byrjuðum illa í dönsku deildinni og einbeitum okkur að henni. Svo lendum við líka í riðli með þremur frábærum liðum," segir Rúrik. Auk andstæðinganna í kvöld frá Tyrklandi eru risarnir Juventus og Real Madrid í riðlinum.

„Við erum samt ekkert í þessu bara til að vera með. Við viljum allir ná árangri."

Danska liðið tapaði 3-1 í fyrri leik liðanna í Istanbúl. Þá var Rúrik tekinn af velli í hálfleik og lýsti kantmaðurinn yfir óánægju sinni með þá ákvörðun þjálfarans í samtali við danska fjölmiðla. Honum var refsað fyrir uppákomuna en nú er atvikið úr sögunni. „Þjálfarinn setti mig á bekkinn í einn leik og sagði mér að halda ró minni næst þegar svona gerðist," segir Rúrik. Hann bætir við að þjálfarinn Ståle Solbakken, fyrrverandi atvinnumaður og landsliðsmaður Noregs, viti vel að oft beri tilfinningar knattspyrnumenn ofurliði.

„Þetta var líka blásið aðeins upp í fjölmiðlum. Það er ekkert illt á milli mín og hans."

Auk Rúriks spilar landsliðsmiðvörðurinn Ragnar Sigurðsson með FCK. Rúrik segir leikform þeirra félaga eins gott og mögulegt sé. Góðar fréttir, enda aðeins tíu dagar í fyrri leik Íslands gegn Króatíu um laust sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu næsta sumar.

„Ég get alveg leyft mér að segja að við iðum í skinninu eftir þessum landsleikjum. Þetta er þvílíkt tækifæri og við vitum allir hvað er í húfi," segir HK-uppalningurinn. „Auðvitað eru þeir sterkari en við á pappírnum. Þegar svona mikið er undir getur hins vegar allt gerst."

Rúrik hefur spilað 24 sinnum fyrir hönd Íslands en aðeins skorað eitt mark. Markið kom fyrir rúmum þremur árum í 1-1 jafntefli gegn Lichtenstein á Laugardalsvelli.

„Ég viðurkenni að mig langar í fleiri," segir Rúrik, sem er þekktur fyrir sín þrumuskot hvort sem er með hægri eða vinstri. Gylfi Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson hafa skorað glæsimörk af löngu færi undanfarið og Rúrik segir kominn tíma á mark frá sér.

„Það yrði ekki leiðinlegt að smyrja einum á móti Króatíu."

kolbeinntumi@frettabladid.is

# Úlfur Blandon ráðinn til Fram

Bjarni Guðjónsson fékk jafnaldra sinn sér til aðstoðar við þjálfun Safamýrarpilta

**FÓTBOLTI** „Við leyfðum Bjarna að stjórna þessu alfarið og hann vandaði sig gríðarlega við að finna sinn aðstoðarmann. Bjarni vildi ráða inn mann sem myndi vega upp á móti hans karakter og þeir gætu unnið vel saman sem teymi," segir Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Fram. Félagið hefur ráðið Úlf Blandon sem aðstoðarþjálfara karlaliðsins og mun hann verða hægri hönd Bjarna Guðjónssonar sem tók við liðinu í síðasta mánuði.

Úlfur hefur undanfarin ár verið yfirþjálfari yngri flokka hjá Gróttu en þeir Bjarni eru jafnaldrar, báðir fæddir árið 1979.

„Ég var á sínum tíma í fimm ár með svo gott sem alla yngri flokka hjá Stjörnunni og fékk mikla reynslu þar," segir Úlfur Blandon, sem bjó í Noregi í nokkur ár þar sem þjálfaraferill hans hófst.

„Við Bjarni spiluðum hvor gegn öðrum í yngri flokkunum og þekkjumst lítillega í gegnum boltann. Ég hef farið mikið út til Englands og Hollands til að fylgjast með æfingum, meðal annars hjá AZ Alkmaar."

„Úlfur er fjölhæfur þjálfari sem nær vel til yngri jafnt sem eldri leikmanna. Hann hefur töluverða reynslu og mikla þekkingu á hvernig best er að halda uppi æfingum. Auk þess er hann flottur karakter," segir Bjarni. **- sáp**



**FRUMRAUN** Úlfur Blandon er kominn í Pepsi-deildina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Við fögnum

# 35 ÁRA STÓRAFMÆLI

og bjóðum þér til veislu frábærra tilboða

| QUICK STEP HARÐPARKET EIK LOC | QUICK STEP HARÐPARKET EIK WHITE | CLASSEN HARÐPARKET EIK 3ST HVÍTTUÐ | EIKAR PARKET 3 STAFA |
|---|---|---|---|
| | | | 13,3mm / 18,2cm breitt<br>Matt lakkað<br>LOC viðarlæsing<br>30 ára verksmiðjuábyrgð |
| Verð áður 3.990 | Verð áður 6.990 | Verð áður 3.990 | Verð áður 7.990 |
| 25% afsláttur | 29% afsláttur | 50% afsláttur | 44% afsláttur |
| Verð nú | Verð nú | Verð nú | Verð nú |
| 2.992 | 4.963 | 1.995 | 4.474 |

Undirlag og listar með 35% afmælisafslætti

HARÐVIÐARVAL

Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is

# DAGSKRÁ



## Sjónvarpið kl 20.10
### HM 2014 – umspilið
Fyrri þáttur af tveimur, þar sem hitað verður upp fyrir umspilsleiki íslenska landsliðsins gegn Króatíu um laust sæti á HM í Brasilíu 2014.

## Í KVÖLD



### How I Met Your Mother
**STÖÐ 2 KL 20.50** Áttunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.



### Sönn íslensk sakamál
**SKJÁR EINN KL 21.30** Ný þáttaröð þar sem fjallað verður um stærstu sakamál þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Kúluhamarsmálið er sérstætt sakamál frá tíunda áratug síðustu aldar. Ótrúlega útsmoginn flétta óhugnanlegs glæpamanns.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT** kl **19.30** Bein útsending frá leik stórliðanna Juventus og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu.

## Bylgjan kl 06.50
### Í bítið
Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.








## STÖÐ 2

**06.25** **The Big Bang Theory**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Wonder Years**
**10.40** **The Middle**
**11.05** **White Collar**
**11.50** **Flipping Out**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **So you think You Can Dance**
**13.55** **Lois and Clark**
**14.40** **In Treatment**
**15.05** **Sjáðu**
**15.35** **Victourious**
**16.00** **Scooby Doo og félagar**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Big Bang Theory** *(23:24)*
**20.05** **Mike and Molly** *(5:23)*
**20.25** **Anger Management** *(8:22)*
**20.50** **How I Met Your Mother** *(18:24)*
**21.15** **Bones** *(3:24)*
**22.00** **Episodes** *(6:9)*
**22.30** **The Daily Show. Global Editon** *(35:41)*
**22.55** **Grey's Anatomy** *(6:22)*
**23.40** **Mistresses**
**00.25** **Hung**
**00.50** **The Closer**
**01.30** **The Midnight Meat Train**
**03.05** **Sanctum**
**04.50** **How I Met Your Mother**
**05.10** **The Big Bang Theory**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30** **Liðið mitt**
**18.00** **Spænsku mörkin**
**18.30** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.00** **Meistaradeildin - upphitun**
**19.30** **Meistaradeild Evrópu. Juventus - Real Madrid** Bein útsending
**21.45** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.45** **Meistaradeild Evrópu. Real Sociedad - Man. Utd.**
**00.40** **Meistaradeild Evrópu. FC Kaupmannahöfn - Galatasaray**
**02.35** **Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.05** **Messan**
**14.15** **West Ham - Aston Villa**
**15.55** **Newcastle - Chelsea**
**17.35** **Premier League World**
**18.05** **Everton - Tottenham**
**19.45** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.40** **WBA - Crystal Palace**
**22.20** **Football League Show**
**22.50** **Fulham - Man. Utd.**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**17.05** **Junior Masterchef Australia**
**17.55** **The Carrie Diaries**
**18.40** **American Dad**
**19.00** **Extreme Makeover. Home Edition**
**19.45** **Hart of Dixie**
**20.25** **Pretty Little Liars** *(9:24)*
**21.10** **Nikita** *(9:23)*
**21.50** **Justified** *(9:13)*
**22.35** **Arrow** *(3:23)*
**23.20** **Damages** *(8:10)*
**00.10** **2+6**
**00.35** **Extreme Makeover. Home Edition**
**01.20** **Hart of Dixie**
**02.00** **Pretty Little Liars**
**02.45** **Nikita**
**03.30** **Justified**
**04.15** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Skoppa og Skrítla **09.35** Strumparnir **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Skoppa og Skrítla **13.35** Strumparnir **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Skoppa og Skrítla **17.35** Strumparnir **18.00** Lukku-Láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Astro boy **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.50** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(7:22)*
**20.00** **Hamingjan sanna** *(4:8)*
**20.40** **Veggfóður** *(2:20)*
**21.25** **Nikolaj og Julie** *(8:22)*
**22.10** **Anna Phil** *(8:10)*
**22.55** **Cold Feet** *(5:8)*
**23.45** **Prime Suspect 4**
**01.30** **Hamingjan sanna**
**02.10** **Veggfóður**
**02.55** **Nikolaj og Julie**
**03.40** **Anna Phil**
**04.25** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10** **Henry's Crime**
**12.55** **Garfield. The Movie**
**14.15** **Wall Street. Money Never Sleep**
**16.30** **Henry's Crime**
**18.20** **Garfield. The Movie**
**19.45** **Wall Street. Money Never Sleep**
**22.00** **Magicians**
**23.30** **Doomsday**
**01.20** **Mercury Rising**
**03.10** **Magicians**

## RÚV

**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Úmísúmí**
**17.33** **Millý spyr**
**17.40** **Bombubyrgið**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Viðtalið** *(Aleqa Hammond)* Bogi Ágústsson ræðir við Alequ Hammond, formann grænlensku landsstjórnarinnar.
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **HM 2014 - umspilið** *(1:2)* Hitað upp fyrir umspilsleiki íslenska landsliðsins gegn Króatíu um laust sæti á HM í Brasilíu 2014.
**20.40** **Hefnd** *(4:22) (Revenge III)*
**21.25** **Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Guðður, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir. Dagskrárgerð. Karl R. Lilliendahl.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Luther** *(3:4) (Luther III)* Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna John Luther sem fer sínar eigin leiðir. Í aðalhlutverkinu er Idris Elba. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15** **Innsæi** *(2:10) (Perception)*
**00.00** **Kastljós**
**00.30** **Fréttir**
**00.40** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.15** **Once Upon A Time**
**17.05** **Borð fyrir fimm**
**17.35** **Dr.Phil**
**18.15** **Save Me**
**18.40** **Rules of Engagement**
**19.05** **30 Rock**
**19.30** **Cheers** *(7:26)*
**19.55** **America's Next Top Model** *(9:13)*
**20.40** **Design Star** *(9:13)*
**21.30** **Sönn íslensk sakamál** *(3:8)* Kúluhamarsmálið er sérstætt sakamál frá tíunda áratug síðustu aldar. Ótrúlega útsmogin flétta óhugnanlegs glæpamanns.
**22.00** **Hannibal** *(8:13)*
**22.45** **Hawaii Five-0** *(13:23)*
**23.35** **CSI. New York**
**00.25** **Hannibal**
**01.10** **Design Star**
**02.00** **Law & Order UK**
**02.50** **Excused**
**03.15** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** World Golf Championship 2013 **13.00** World Golf Championship 2013 **16.25** Ryder Cup Official Film 1999 **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship 2013 **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2002 **23.50** Golfing World **00.40** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


heimkaup.is
ÚTSALA ÚTSALA ÚTS
allt að 70% afsláttur • allt að 70% afsláttur • allt að 70% afsláttur •
70
Bækur
Skrifstofuvörur
Tölvur
Heilsa og útlit
Íþróttir og útivera
Fylgihlutir
Heimilið
Raftæki
Leikföng
Barnavörur
Afþreying
SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD
innan höfuðborgar-svæðisins.
Njóttu þess að versla á útsölu Heimkaupa – heima hjá þér.
Við sendum vöruna til þín frítt hvert á land sem er.
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700
heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land
HEIMKAUP
PIPAR\TBWA • SÍA • 132670

## BESTI BITINN



**„Kjúklingurinn og salatið á veitingastaðnum Gló er í miklu uppáhaldi hjá mér.“**

Arnór Dan Arnarson tónlistarmaður.

# Fékk dómnefndarverðlaun í Lübeck

Heimildarmyndin Hrafnhildur í leikstjórn Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur vann til verðlauna á þýskri hátíð.

„Þetta kom í rauninni eins og þruma úr heiðskíru lofti,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, leikstjóri heimildarmyndarinnar Hrafnhildur.

Myndin vann til verðlauna á þýsku kvikmyndahátíðinni Norrænir kvikmyndadagar í Lübeck. Þar fékk hún sérstaka viðurkenningu dómnefndar í flokki heimildarmynda. Ragnhildur Steinunn er himinlifandi og stefnir nú á Þýskalandsmarkað. „Þetta er ótrúlega góður stimpill fyrir myndina og gerir okkur auðveldara að selja hana erlendis. Nú hefst leit að þýðanda til að snara myndinni yfir á þýsku.“

Ragnhildur Steinunn segir að eftir á að hyggja hefði verið gaman að vera gestur á hátíðinni. „Ég komst ekki til Þýskalands, enda heima með nýfætt barn. Það hefði verið rosalega gaman að vera á staðnum, en ég bjóst bara engan veginn við þessu og gerði því engar ráðstafanir til þess að mæta á hátíðina.“

Alls voru átta íslenskar kvikmyndir sýndar á hátíðinni, þrjár í fullri lengd, tvær stuttmyndir og þrjár heimildarmyndir. Kvikmyndin Hross í oss í leikstjórn Benedikts Erlingssonar var opnunarmynd hátíðarinnar. Alls voru 160 kvikmyndir sýndar í Lübeck.

kjartanatli@frettabladid.is

→ Heimildarmyndin fjallar um kynleiðréttingarferli Hrafnhildar, sem áður hét Halldór.



**RAGNHILDUR OG HRAFNHILDUR** Ragnhildur Steinunn ásamt Hrafnhildi, umfjöllunarefni myndarinnar.

Öflugasta plantan til að detoxa
Hreinsar allan líkamann
Chlorella inniheldur mest af blaðgrænu af öllum plöntum.
Ríkt af B1 – B2 – B3 – B6- vítamíni og D- vítamíni.
• Chlorella hreinsar auka- og eiturefni sem setjast að í líkamanum úr iðnvæddu fæði og unnum matvælum. Hreinsar skordýraeitur geymslugeislanir og úðun úr grænmeti og ávöxtum.
• Grenning - góð hjálp. Örvar sogæðakerfið.
• Cellulite - frábær árangur, sléttari og mýkri húð.
• Húðin hreinsast, fær ljóma og fallega heilbrigða áferð.
• Bætir líkamslykt og gefur ferskan andardrátt. Kemur á réttu pH gildi í líkamanum.
• Hreinsar líkamann af mengun, þrávarnarefnum, þungmálmum, tölvu- og farsímageislunum. Styrkir og hreinsar lifrina. Eykur súrefnismettun, bætir blóðflæði og úthald.




Fæst í helstu heilsubúðum, apótekum og Krónunni.
lifestream

# Mikið frelsi að skrifa ekki á móðurmálinu

Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, sem ólst upp á Nýja-Sjálandi, hefur gefið út ljóðabók á íslensku þrátt fyrir að hafa ekki kunnað neitt í tungumálinu fyrir sex árum.

Þrátt fyrir að heita íslensku nafni þá er móðurmál ljóðskáldsins Bergrúnar Önnu Hallsteinsdóttur ekki íslenska heldur enska.

Bergrún hefur búið á Íslandi í sex ár. Hún er hálfíslensk og kom hingað til lands þegar hún var 21 árs og kunni þá enga íslensku. Þrátt fyrir það gaf hún út ljóðabók í síðustu viku á íslensku. Bókin kom út hjá Meðgönguljóðum og heitir Stofumyrkur. Í henni er blanda af ljóðum sem hún orti á íslensku og svo ljóðum sem hún skrifaði upphaflega á ensku sem voru þýdd yfir á íslensku.

„Ég kunni að segja nafnið mitt þegar ég kom hingað,“ segir Bergrún, og bætir við að það hafi vissulega komið að góðum notum enda algjört lykilatriði í daglegu lífi. Hún lýsir því að auki að hljóðin í nafninu hennar séu ekki auðveld í framburði fyrir þann sem hefur ensku að móðurmáli. Sérstaklega „r“, „l“ og „g“, sem koma einmitt öll fyrir í nafninu hennar.

„Ég fór fyrst í kvöldskóla í mánuð og síðan fór ég að vinna á frístundaheimili í Austurbæjarskóla í þrjú og hálft ár,“ segir hún. Í gegnum stéttarfélagið bauðst henni svo annað mánaðarlangt íslenskunámskeið. „Mér fannst þó gagnlegra að læra tungumálið í samfélaginu frekar en í einhverri stofu.“ Þessi aðferð hefur greinilega virkað því Bergrún talar íslensku reiprennandi.

Hún segir að það hafi verið mjög gefandi að yrkja á íslensku. „Það var eins og að ýta á „refresh“. Ég fékk nýtt sjónarhorn á hvað ég gat gert. Ég var allavega mjög opin á meðan ég var að skrifa.“ Hún játar að hafa verið kvíðin yfir því að birta ljóðin.



**BERGRÚN ANNA HALLSTEINSDÓTTIR** Ljóðskáldið hefur gefið út sína fyrstu bók, Meðgönguljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Útlendingar sem gefa út á íslensku

Nokkrir tónlistarmenn sem hafa íslensku sem annað mál hafa gefið út eigin lög með íslenskum texta, til dæmis söngkonurnar Leoncie og Eivor Pálsdóttir. Það er sjaldgæft að fólk sem talar íslensku sem annað mál yrki á íslensku en talsvert algengara að fólk yrki á sínu móðurmáli og fái skáldskapinn síðan þýddan yfir á íslensku. Það hefur til dæmis palestínska ljóðskáldið Mazeen Marouf gert og Charlotte Böving sem hefur skrifað leikrit og pistla fyrir íslenskan markað en látið þýða fyrir sig af dönsku yfir á íslensku.

„Ég held að það sé algengt að maður sé kvíðinn þegar maður birtir ljóð, en ég var líka kvíðin af því að þetta var ekki mitt fyrsta tungumál. Ég var ekki viss um hversu opið fólk væri fyrir því en það er ákveðið frelsi að skrifa á tungumáli sem er ekki móðurmálið manns.“

Hún segist vera bundnari af reglum tungumálsins þegar hún skrifar á ensku. „Þar sem ég er ekki með eins mikla tilfinningu fyrir íslensku er ég frekar tilbúin til að gera bara hvað sem er.“

ugla@frettabladid.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU
Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*
Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.
Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ
Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!
*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# Pólitísk rappplata

Úlfur Kolka safnar á Karolinafund fyrir sólóplötunni Borgaraleg óhlýðni.

Rapparinn Úlfur Kolka er að safna fyrir sólóplötu sinni Borgaraleg óhlýðni á vefsíðunni karolinafund.com.

Að sögn Úlfs verður þetta fyrsta pólitíska rappplata Íslandssögunnar en hún verður einnig hans fyrsta á íslensku. „Fullt af röppurum hafa gert pólitísk lög áður en ekki heilar rappplötur,“ segir hann og bætir við að um þemaplötu sé að ræða. „Ég er að tala um hvernig er að tilheyra lágstétt á Íslandi og ég er með lag um Helga Hóseasson og hitt og þetta. Það er svolítið af anarkismahugmyndum hjá mér.“ Útgáfudagur er áætlaður í janúar, stafrænt og á vínyl.

Úlfur, sem er 32 ára, var áður forsprakki Kritikal Mazz, þar sem Ágústa Eva Erlendsdóttir var einn af meðlimum. Sveitin gaf út plötu árið 2002 hjá Smekkleysu og fékk hún tónlistarverðlaun Radio X og Undirtóna sem hiphop-plata ársins.

Eftir að Úlfur lauk námi í grafískri hönnun árið 2008 samdi hann lagið Til hvers að kjósa?, sem fjallaði um eftirmál búsáhaldabyltingarinnar. Eftir það varð ekki aftur snúið og núna er platan að verða að veruleika.

- fb



**ÚLFUR KOLKA** Úlfur ætlar að gefa út fyrstu pólitísku rappplötu Íslandssögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sporðdrekaprinsessa fædd

Leikkonan **Lilja Nótt Þórarinsdóttir** eignaðist sitt fyrsta barn á sunnudaginn með sínum heittelskaða, Ólafi Gauta Guðmundssyni. Eignuðust þau tólf marka stúlku, eða „sporðdrekaprinsessu", eins og Lilja Nótt orðar það svo skemmtilega á Facebook-síðu sinni. Lilja Nótt státar af farsælum leiklistarferli og hefur meðal annars leikið í kvikmyndum á borð við 101 Reykjavík, Strákarnir okkar og Reykjavík Rotterdam.

- lkg



### Fljúgandi veðurfræðingur

„Að sjálfsögðu var ég stressuð en þetta var gaman," sagði **Birta Líf Kristinsdóttir** veðurfræðingur. Hún birtist í fyrsta skiptið á skjánum hjá RÚV í gær og spáði áframhaldandi stormi með suðurströndinni.

Það var í október sem komið var að máli við Birtu Líf og hún beðin um að verða einn af veðurfréttamönnum sjónvarpsins.

„Ég var búin að fá nokkra æfingatíma áður en ég birtist á skjánum. Hér eftir kem ég til með að taka fimm til sex vaktir í sjónvarpinu í hverjum mánuði," segir Birta Líf sem er búin að vinna á Veðurstofu Íslands í tvö ár. Hún hefur líka ódrepandi áhuga á flugi og er með atvinnuflugmannspróf. Í sumar var hún að vinna hjá Icelandair.

„Ég hef mikinn áhuga bæði á flugi og veðri. Þetta tengist vel saman því það er gott að hafa góða þekkingu á veðrinu þegar maður er að fljúga."

- jme



### Mest lesið vísir

1. „Ekki tala niður til mín," sagði Bubbi Morthens
2. Eldri hjólreiðamaður varð fyrir bifreið
3. Át hundinn sem bjargaði lífi hans
4. Sagði frá staðsetningu Bin Laden árið 2003
5. Gefa bíómiða um hábjartan dag á leik Íslands og Króatíu





